

HAUKUR INGVARSSON

„Fyrir þá, sem vilja kynna sér jafnaðar- stefnuna er bók þessi góð byrjun ...“

Íslandssaga *The Jungle* eftir Upton Sinclair í fjórum þáttum

Inngangur

Á síðustu áratugum 19. aldar fór samkeppni harðnandi á Vesturlöndum um það hver hefði forræði yfir því hvernig ört vaxandi verkalýðstétt kaus að verja tekjum sínum og frítíma. Um þetta vitnar meðal annars mikill uppgangur í blaða- og tímaritaútgáfu á síðasta fjórðungi aldarinnar. Árið 1895 hófst útgáfa vikublaðsins *Appeal to Reason* í Bandaríkjunum og varð það fljótt áhrifamesta mál gagn vinstrimanna í heimalandinu. Ritstjórnarnir nýttu sér meðal afþreyingariðnaðarsins með góðum árangri til að ná til lesenda en í blaðinu mátti finna krassandi fréttir og framhaldssögur auk ádeilu- og skopmynda.¹ Útgáfufélagið sem stóð að blaðinu hafði höfuðstöðvar í Kansas en dreifinguna önnuðust 80.000 sjálfboðaliðar sem sáu um sölu og kynningu víðs vegar um Norður-Ameríku og teygði þetta tengslanet sig alla leið til Íslendingabyggðanna í Kanada.² Um leið og sjálfboðaliðarnir ræddu við vænlega kaupendur gátu þeir kynnt hugmyndafræði og baráttumál verkafólks. Í sumum tilvikum stóðu sjálfboðaliðarnir líka fyrir leshringjum eða voru virkir félagar í Sósíalistaflokki Bandaríkjanna.³

¹ Kathryn J. Oberdeck og Frank Tobias Higbie, „Labour and Popular Print Culture“, *The Oxford History of Popular Print Culture. US Popular Print Culture 1860-1920*, 6. bindi, ritstjóri Christine Bold, Oxford og New York: Oxford University Press, 2011, bls. 233–252, hér bls. 233.

² Vilhelm Vilhelmsson, „„Ánægja með það sem er – ið gamla, er andlegur dauði“. Af hugmyndum og félagsskap róttæklinga í Manitoba við upphaf 20. aldar“, *Saga* 50: 2/2012, bls. 34–69, hér bls. 45–46.

³ Kathryn J. Oberdeck og Frank Tobias Higbie, „Labour and Popular Print Culture“, bls. 244–245.



Árið 1904 las ungur bandarískur rithöfundur, Upton Sinclair (1878–1968), grein í *Appeal to Reason* sem fjallaði um verkföll og verkfallsbrot í sláturhúsum Chicago-borgar. Hann fylltist slíkum eldmóði við lesturinn að hann skrifaði lesendabréf í blaðið þar sem hann hvatti stéttarfélögin og verkamenn sem lagt höfðu niður störf til dáða í baráttu sinni. Bréfinu fylgdi eintak af skáldsögu hans *Manassas* (1904) og sendingin bar þann árangur sem hann hafði vonast eftir því honum var boðið að skrifa framhaldssögu um launaþrælkun í blaðið. Sinclair beið ekki boðanna heldur tók næstu lest að heiman í New York til Chicago þar sem hann stundaði nákvæmar rannsóknir á aðbúnaði og kjörum verkafólks í sláturhúsum borgarinnar um sjö vikna skeið.⁴ Sinclair setti sér það háleita markmið að skrifa skáldsögu sem hefði sömu áhrif á baráttu verkalýðshreyfingarinnar í Bandaríkjunum fyrir betri lífsskilyrðum og *Uncle Tom's Cabin* (Kofi Tómasar frændi, 1852) hafði haft á umræðuna um afnám þrælahalds á seinni hluta 19. aldar. Skáldsöguna um sláturhúsin nefndi hann *The Jungle* og með henni vildi hann ekki aðeins vekja athygli á félagslegu óréttlæti heldur líka ráða bót á því með því að boða sósíalískt þjóðskipulag.⁵

The Jungle varð mjög vinsæl á síðum *Appeal to Reason* þar sem hún tók að birtast árið 1905 og ári síðar var hún gefin út í bókarformi. Sinclair varð landsfrægur og brátt „heimsfrægur“ því áður en fyrsti áratugur 20. aldarinnar var liðinn hafði bókin verið þýdd á sautján tungumál.⁶ *The Jungle* kom út á íslensku árið 1914 undir heitinu *Á refilstígum* en þá var ekki algengt að erlendar bækur kæmu út á íslensku svo skömmu eftir útgáfu í heimalandinu. Íslenski prentgripurinn lætur mjög lítið yfir sér og eru fylgitextar með upplýsingum af skornum skammti. Þó er þess getið að „Fjelag eitt á Stokkseyri“ standi að útgáfunni og bókin sé prentuð í Prentsmiðju Suðurlands á Eyrarbakka en hvorki kemur fram hvert félagið né þýðandinn séu.⁷

⁴ Lauren Coodley, *Upton Sinclair. California Socialist, Celebrity Intellectual*, Lincoln og London: University of Nebraska Press, 2013, bls. 37.

⁵ Alicia Mischa Renfroe, „Social Protest Fiction“, *A Companion to American Literature*, 2. bindi, ritstjórar Theresa Strouth Gaul, Susan Belasco, Linck Johnson og Michael Soto, Chichester: John Wiley & Sons, Inc., 2020, bls. 1141–1155, hér bls. 1149.

⁶ Rachel Elin Nolan, „Progressive Chicago. Upton Sinclair, Jane Addams, and Social Reform Literature“, *Chicago. A Literary History*, ritstjóri Frederik Byrn Köhlert, Cambridge: Cambridge University Press, 2021, bls. 153–166, hér bls. 153.

⁷ Í meginmáli er talað um *The Jungle* þegar átt er við skáldsöguna almennt en *Á refilstígum* þegar vísað er til skáldsögunnar eða þýðingarinnar í íslensku samhengi. Allar beinar tilvitnanir eru í íslensku þýðinguna og eru þær auðkenndar með stöfumum *Ár* í meginmáli ásamt blaðsíðutali innan sviga, Upton Sinclair, *Á refilstígum*, þýðandi Páll Bjarnason, Eyrarbakka: Félag eitt á Stokkseyri, 1914 [1913].

Bandaríski menningarsagnfræðingurinn Michael Denning vekur máls á því í bók sinni *Culture in the Age of Three Worlds* að fyrirferð kommúnistastjórna og kommúnískra hreyfinga á 20. öld byrgi mönnum sýn á sögulegt mikilvægi þeirrar grósku sem einkenndi sósíalíska starfsemi og hugmyndafræði á heimsvísu fyrir byltingu bolsévika árið 1917. Denning bendir á að þó að flestir tengi sósíalískt raunsæi við rithöfundapingið í Moskvu árið 1934, þegar það var sett á oddinn sem stefna Sovétríkjanna í fagurfræðilegu tilliti, þá hafi sósíalískt raunsæi í raun verið afrakstur rökræðna sem farið höfðu fram meðal sósíalista víða um heim áratugin á undan. Denning staðhæfir að höfundarnir og skáldverkin sem hafi legið þessari umræðu til grundvallar hafi mótast af starfi og hugmyndafræði verkalýðshreyfinga og sósíalískra stjórnmalaflokka sem voru hluti af Öðru alþjóðasambandi verkalýðsins 1889–1917.⁸ Skáldverkin sem hann tilgreinir eru *Mat* (1907; ísl. *Móðirin*, þýð. Halldór Stefánsson, 1938–1939) eftir Rússann Maksím Gorkij, *Pelle Erobreren* (1906–1910; ísl. *Pelli sigursæli*, þýð. Gissur Ó Erlingsson, 1989–1992) eftir Danann Martin Anderson Nexø, *La Lucha Por La Vida* (1903–1905; *Lífsbaráttan*) eftir Spánverjann Pío Baroja og loks *The Jungle*. Allar þessar bækur gerast í borgum og lýsa veruleika verkafólks sem er að fóta sig í heimi sem tekur örum breytingum vegna stórfelldra fólksflutninga, auk iðn- og tæknivæðingar á flestum sviðum mannlífsins.⁹ Greining Dennings staðsetur *The Jungle* með tilliti til rauðra heimsbókmennta á mjög afgerandi hátt en þá sem hluta af hefðarveldi sem sósíalískir höfundar gátu horft til og miðað verk sín við.

Ástráður Eysteinnsson hefur í greinum og bókarköflum kortlagt „nærveru og stöðu erlendra höfunda í bókmenntalífni“.¹⁰ Aðferðafræði Ástráðs byggir á fjórum skilgreindum meginþáttum eða sporum sem erlendir höfundar og verk þeirra skilja eftir sig í nýrri menningu; í fyrsta lagi er þýðing á verki erlends höfundar, í öðru lagi fræðileg eða skipuleg umræða um höfundinn og verk hans, í þriðja lagi tilvísanir til höfundar eða verka hans í almennri umræðu sem staðfesta nærveru hans og í fjórða og síðasta lagi eru skapandi endurrítanir á verkum erlenda höfundarins, fagurfræði hans, stíl eða öðrum listbrögðum í verkum innlendra höfunda.¹¹ Eitt af því sem gerir aðferðafræði Ástráðs og myndmálið sem

⁸ Michael Denning, *Culture in the Age of three Worlds*, London og New York: Verso, 2004, bls. 55.

⁹ Sama heimild, bls. 56.

¹⁰ Ástráður Eysteinnsson, „Rithöfundur í útlöndum. James Joyce á Íslandi“, *Andvari*, 2005, bls. 95–115, hér bls. 97. Sjá líka „Á höttunum eftir Hemingway. Ummerki, áhrif, þýðingar“, *Andvari*, 2011, bls. 103–128.

¹¹ Aðrir fræðimenn hafa fylgt í kjölfar Ástráðs og beitt þessari aðferðafræði. Sjá til dæmis Benedikt Hjartarsson, „Um fiðlukennndan róm og annarlegan söng hins dreytna austræna vitrings. Rabindranath Tagore á Íslandi“, *Milli mála* 15: 1/2023, bls. 115–169

hann beitir til að lýsa henni sérstaklega gagnlegt er að það gerir ekki endilega ráð fyrir því að höfundar og verk þeirra skilji eftir sig samfellda slóð heldur geta sporin verið stök eða mörkuð með hléum. Ekki er samt hægt að tala um eiginlega „inngöngu“ höfundar í bókmenntakerfið fyrr en hægt er að greina innbyrðis tengsl milli sporanna.¹² Í framhaldi af því má velta fyrir sér hvort tiltekinn höfundur hafi tryggt sér sess í hefðarveldi bókmennta í nýju landi.¹³ Fyrstu spor Sinclairs og *The Jungle* eru mörkuð á Íslandi árið 1906 en í þessari grein er horft á það og þrjú önnur ártöl sem skipta máli fyrir landnám Sinclairs og *The Jungle* á Íslandi. Þó að aðferðafræði Ástráðs sé undirliggjandi þá er brugðið út af henni að því leyti að viðtökusagan er ekki skoðuð í samhengi við „bókmenntalífið“ fyrst og fremst heldur er hún sett í breitt samfélags-pólitískt og atvinnusögulegt samhengi með áherslu á nútímavæðingu íslensks samfélags með tilkomu tækni- og iðnbyltingar til sjávar og sveita. Þessar áherslur skýrast af efnivið *The Jungle* og þeim skýru pólitísku markmiðum sem höfundurinn vildi ná fram með skrifum sínum en jafnframt þeirri tilgátu að skáldsaga Sinclairs hafi verið þýdd á íslensku og gefin út hér á landi til að vara við þéttbýlismyndun, stéttabaráttu og jafnaðarmennsku en hafi að lokum fallið í frjóan jarðveg hjá íslensku vinstrihreyfingunni þegar skipulag komst á starfsemi hennar um miðjan annan áratug síðustu aldar og pólitísk sjálfsmynd íslenskrar alþýðu var tekin að mótast.¹⁴ Í greininni er lögð áhersla á fyrstu þrjá þættina eða sporin í aðferðafræði Ástráðs en eftir útgáfu *Á refilstígum* hefst bæði skipuleg og almenn umræða um Sinclair og skáldskap hans sem staðfesta að hann hafði öðlast stöðu innan bókmenntakerfisins.

Á refilstígum fjallar um Þorgils (Jurgis Rudkus), stóran og sterkan verkamann frá Litháen sem freistar gæfunnar í Bandaríkjunum þar sem hann ætlar að giftast unnustu sinni Unu (Ona Lukoszaite) og verða auðugur maður. Honum hefur skilist að í Bandaríkjunum séu menn sinnar eigin gæfu smiðir og hafi meira frelsi til athafna en víðast hvar annars staðar. Þorgils og Unu fylgja fimm fullorðnir og sex börn en þau eru saklaus og því auðveld fórnarlömb svindlara. Fyrst verða þau fyrir barðinu á „útflutningsagent sem lokka[r] af þeim hvern lausan eyrir“

og Haukur Ingvarsson, *Fulltrúi þess besta í bandarískri menningu. Orðspor Williams Faulkners í íslensku menningarlífi 1930–1960*, Reykjavík: Sögufélag, 2021.

¹² Hér er stuðst við orðalag í grein Ástráðs Eysteinsonar, „Rithöfundur í útlöndum“, bls. 101.

¹³ Sama heimild, bls. 97.

¹⁴ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk. Þjóðerni og íslensk verkalyðsstjórnsmál 1901–1944*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2008, bls. 24–25.

(Ár 6), síðan kúgar einkennisklæddur maður í New York af þeim peninga áður en þau komast um borð í lest sem flytur þau til Chicago. Í sláturhúsaahverfunum tekur ekki betra við. Svik og prettir óprúttinna aðila eru stef í frásögninni sem sýnir fram á hvernig auðvaldsskipulagið brýtur niður samstöðu þegnanna og spillir einstaklingum eða eins og einn af boðberum sósíalísmans kemst að orði seint í sögunni: „[...] hrekkjabrögðin þykja sjálfögð í viðskiftunum og menn dást hver að annars brellum, og svikin og stælingarnar eru bein afleiðing af samkepninni“ (Ár 281).

Þorgils hafði alist upp í skógivaxinni sveit í Litháen og aldrei litið stórborg augum fyrr en hann kom til Chicago þar sem reykurinn „þyrlaðist upp úr reykháfunum og huldi himininn og rigndi kolarykinu á jörðina“ (Ár 7). Borgin er skuggaleg ásýndum vegna þess verksmiðjuvædda iðnaðar sem þar er stundaður en um leið er hún *frumskógurinn* sem titillinn vísar til því þar ráða frumskógarlög málf afkomu manna og dýra. Ferðalag Þorgils og samferðarfólks hans úr sveit í borg endurspeglar reynslu milljóna manna sem gengu í gegnum einhverjar róttækustu breytingar sem orðið hafa á lífnaðarháttum mannkyns. Á tímabilinu 1860–1900 fjölgaði íbúum Bandaríkjanna úr 31 milljón í 76 milljónir. Á sama tímabili fjölgaði íbúum Chicago úr 112.172 í 1,7 milljónir og íbúum New York fjölgaði úr 813.669 í 3,4 milljónir.¹⁵ Í skáldsögu Sinclairs er rakið hvernig sú spilling sem þrífst í borginni og verksmiðjunum sem liggja efnahagskerfi hennar til grundvallar upprætir þá menningu og siði sem fjölskyldan hafði í veganesti heiman að. Smám saman leysist fjölskyldan upp uns hún tortímist og Þorgils stendur einn eftir. Fjölskyldan verður ekki endurreist en undir lok bókarinnar myndar hann ný tengsl við byltingarsinnaða menn sem hann finnur til samkenndar með. Hann öðlast skilning á samfélaginu og sér það sem mörgum virðist hulið:

Það var svo ótrúlegt, að enn skyldu finnast menn, sem ekki sáu jafn augljósan hlut. Það var rjett ómögulegt, að þeir skyldu ekki hver óhæfa það var, að láta það viðgangast, að fáeinir menn skyldu einir ráða yfir jörðunum, lóðunum, járnbrautunum, námunum, verksmiðjunum og stórverzlununum og hneptu alla aðra í þrældóm. Þeir rökudu saman ágóðanum af öllu því, sem þjóðin framleiddi, svo ört, að þeir ætluðu að kafna í gulli og vissu tæpast hvernig þeir áttu að sóa því. (Ár 269)

Vesturferðir og umræður um þær voru vaxandi hluti af veruleika Íslendinga á ofanverðri 19. öld og því hefur draumur Þorgils og ferðafélaga hans um Amer-

¹⁵ Alicia Mischa Renfroe, „Social Protest Fiction“, bls. 1141.

íku ekki verið framandi fyrir íslenska lesendur í upphafi 20. aldar. Á tímabilinu 1870–1914 er talið að um 16.400 Íslendingar hafi flust vestur um haf.¹⁶ Á Íslandi fóru fram miklar umræður um Vesturferðir og má sjá að viðhorfin til þeirra lituðust af stöðu og hagsmunum ólíkra hópa í samfélaginu. Þegar árfærði tók að batna á Íslandi á síðasta áratug 19. aldar fór andstaða við Ameríkuferðirnar til dæmis vaxandi en ljóst má telja að það hafi stafað af aukinni samkeppni um vinnuafli á íslenskum vinnumarkaði.¹⁷ Umræða og orðræða um Ameríku var margföld í roðinu og þannig virðast sumir hafa dregið upp mynd af álfunni sem útópíu í þeim tilgangi að knýja fram breytingar í nærsamfélagi sínu meðan aðrir lýstu henni sem dystópíu vélrænnar menningar og þá með það fyrir augum að standa í vegi fyrir breytingum heima fyrir. Vesturferðir kölluðu á gagnrýna umræðu um samfélagsgerðina á Íslandi og skerptu vitund manna um að í samfélaginu tókust á fylkingar með ólíka hagsmuni. Þær undirstrikuðu líka að þjóðskipulag bændasamfélagsins var tekið að riðlast en sú hugmyndafræði sem það byggði á lifði samt enn góðu lífi og átti eftir að lifa áfram jafnvel þegar kerfið sjálft hafði liðið undir lok.¹⁸

Þjóðflutningarnir frá Íslandi til Vesturheims annars vegar og hins vegar úr íslenskum sveitum til Reykjavíkur og annarra þéttbýliskjarna eru mikilvægur rammi fyrir viðtökur *Á refilstígum* á Íslandi. Þeir gagnvegir sem lágu yfir Atlantshafið gerðu það ekki einungis að verkum að fólk flutti og ferðaðist vestur um haf heldur bárust vörur og varningur, hugvít og hugmyndir til baka bæði með mönnum og prentuðu máli. Vesturferðirnar skerptu á andstæðum sveitar og borgar í íslenskri samfélagsumræðu og þá um leið hvernig þjóðskipulagi skyldi vera háttað á Íslandi. Textarnir sem eru í brennidepli í meginköflum þessarar greinar eru allir hluti af þeirri fjölbreytilegu orðræðu sem spratt af þjóðflutningunum frá Íslandi og innan þess, um leið og þeir varpa ljósi á þjóðfélagsþróun á Íslandi þar sem tæknivæddur sjávarútvegur í þéttbýli leysir landbúnað af hólmi sem aðalatvinnuvegur þjóðarinnar.¹⁹ Enn fremur er sjálf framleiðsla textanna órjúfanlegur hluti þessarar þró-

¹⁶ Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson, *Framtíð handan hafs. Vesturfarir frá Íslandi 1870–1914*, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2003, bls. 101–104.

¹⁷ Guðjón Arngrímsson, *Nýja Ísland. Órlagasaga vesturfaranna í máli og myndum*, Reykjavík: Mál og menning, 1997, bls. 76; Hrafnkell Lárusson, *Lýðræði í mótn*, Reykjavík: Sögufélag, 2024, bls. 220–228.

¹⁸ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1990*, ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993, bls. 215–264, hér bls. 255–256.

¹⁹ Sjá Árni Sigurjónsson, *Laxness og Þjóðlífíð. Bókmenntir og bókmenntakenningar á árunum milli stríða*, Reykjavík: Vaka-Helgafell, 1986, bls. 13–16.

unar þar sem þeir eru prentaðir í vélum af sérhæfðum verkamönnum og skrifaðir af menntamönnum með tiltekinn lesendahóp í huga.

Fyrsta ártalið er 1893 en þá kom *Chicagó-för mín 1893* eftir Matthías Jochums-son (1835–1920) út. Þar er að finna nákvæmar lýsingar á ferðalagi hans um Norður-Ameríku en þó einkum og sér í lagi á Chicago og heimssýningunni sem þar var haldin. Í texta Matthíasar má greina neikvæðar hugmyndir Evrópubúa um Ameríku en líka jákvæðar sem koma skýrast fram í aðdáun á framförum í krafti tækni- og iðnvæðingar sem heimssýningin boðaði. Ferðasaga Matthíasar er mikilvæg í samhengi þessarar greinar, enda þótt hún sé skrifuð áður en rithöfundarferill Sinclairs hófst, vegna þess að hún varpar ljósi á þankagang Íslendinga sem er að reyna að móta sér afstöðu til iðnvædds kápítalisma eins og hann blasti við bæði í borginni Chicago og á heimssýningunni. Um leið er textinn innlegg í þá viðamiklu umræðu sem átti sér stað á þessum tíma um það hvernig uppbyggingu samfélaga gæti verið háttað í framtíðinni. Þessi umræða snerti málefni sem kenna má við heimspeki, stjórnmal og réttindabaráttu ólíkra hópa og hún hafði víxlverkandi áhrif milli Evrópu og Bandaríkjanna vegna þeirra gagnvega sem lágu yfir Atlantshafið. Umfram allt annað er texti Matthíasar mikilvægur vegna þeirrar áherslu sem hann leggur á Chicago sem er líka miðlægt umfjöllunarefni í *The Jungle* eins og kemur skýrt fram í undirtitli þeirrar gerðar sem birtist á síðum *Appeal to Reason* en hann er *A Story of Chicago*.

Næsta ártal er 1906 en í júní það ár má greina fyrstu spor Sinclairs og *The Jungle* í íslenskum prentmiðlum en þá vöktu áhrifin sem skáldsagan hafði á rekstur sláturhúsa í Bandaríkjunum heimsathygli. Í þeirri umfjöllun sem hér fer á eftir er blaðið *Reykjavík* í brennidepli en það var stofnað árið 1900 af Þorvarði Þorvarðssyni (1869–1936) prentara sem var einn af brautryðjendunum í kjara- og réttindabaráttu iðnaðar- og verkalýðshreyfingarinnar á Íslandi. Árið 1906 var *Reykjavík* ritstýrt af Jóni Ólafssyni (1850–1916) sem hafði tvívegis dvalið í Ameríku um langt skeið og bjó meðal annars í Chicago. *Reykjavík* er spennandi miðill vegna þess að útgáfan markast af samskiptum Íslands við umheiminn og þeim öru breytingum sem verða á sviði samgangna, fjarskipta og iðnaðar hér á landi undir lok 19. aldar og í upphafi þeirrar 20. Í raun má segja að þarna sé farið að örla á þeim iðnvædda kápítalisma sem Matthías lýsti í ferðabók sinni rúmum áratug fyrir. Árið 1906 er líka merkilegt í sögu íslensku verkalýðshreyfingarinnar, ekki síst vegna stofnunar Verkamannafélagsins Dagsbrúnar það ár. Fyrsti formaður Dagsbrúnar var Sigurður Sigurðsson búfræðingur (1864–1926) en hann gegndi embættinu frá 1906–1909 og aftur árið 1915. Eins og Þorleifur Friðriksson rökstyður í bók sinni um sögu Dagsbrúnar þá hnigu ýmis rök að því að velja Sigurð til formennsku en sú ákvörðun að velja hann fremur en verkamann til

forystu verður að skoða í ljósi þess að „bændur og verkamenn áttu sameiginlegra hagsmuna að gæta hvað varðaði að ná stjórn á fólksflóttanum úr sveit á möl.“²⁰

Þriðja ártalið er 1914 en þá var mikilvægt spor í landnámi höfundarins stigið þegar *Á refilstigum* var gefin út af sömu aðilum og stóðu að vikublaðinu *Suðurlandi*. Þar voru á ferðinni stjórn mála- og menntamenn eins og alþingismennirnir Jón Jónatansson (1874–1925), skólastjórinn Páll Bjarnason (1884–1938), sem þýddi skáldsögu Sinclairs, og loks áður nefndur Sigurður Sigurðsson sem hafði ekki einungis afskipti af verkalýðsmálum heldur var líka alþingismaður Árnesinga 1900–1901 og 1908–1919. Allir höfðu þessir menn trú á framtíð íslensks bændasamfélags og -menningar sem þeir töldu þó að stafaði veruleg ógn af þéttbýlismyndun og þeim þjóðfélagsbreytingum sem þær höfðu í för með sér. Greinar sem birtust í *Suðurlandi* gefa mikilvægar vísbendingar um það hvers vegna nokkrir *fjelagar* á Stokkseyri kusu að gefa út bók sem dró upp dökka mynd af iðnvæddu borgarsamfélagi Chicago-borgar og kjörum verkamanna.

Fjórdða og síðasta ártalið er 1915 en þá birtist ritdómur um *Á refilstigum* í *Dagsbrún*. *Blaði jafnaðarmanna* sem hóf göngu sína þetta sama ár í ritstjórn Ólafs Friðrikssonar (1886–1964). Þó að áður hefði farið fram „skipuleg umræða um erlenda höfundinn og verk hans“, svo stuðst sé við orðalag Ástráðs Eysteinnssonar þá má segja að þarna hafi loks verið kominn til sögunnar íslenskur prentmiðill sem skapaði skáldsögunni viðtökuramma sem samræmdist sósíalískum markmiðum höfundarins.²¹

Heimssýningin í Chicago 1893

Árið 1893 skrifaði Skúli Thoroddsen ritstjóri grein um „Ameríku-ferðirnar“ í *Þjóðviljann unga* sem gefinn var út á Ísafirði. Þar gerði hann að umtalfsni andstöðu ýmissa embættismanna og annarra sem í „heldri röð eru haldnir“ gegn Vesturferðum og hins vegar aðdáun almúgamanna á Íslendingabyggðunum sem þeir álitu „eins konar Gósen-land“.²² Eina lausnin sem Skúli sá til að sætta þessi öndverðu sjónarmið var að breyta þjóðfélagsskipuninni á Íslandi og voru tillögur hans í anda evrópskra og amerískra frjálslyndishreyfinga á þessum tíma. Talaði hann fyrir „atvinnufrelsi“ og að Íslendingar fetuðu í spor „framfararþjóðanna“ sem fylgdust með „menningarstraumi tímans“. Skúli virðist hafa gengið út frá því sem vísu að frelsi og framfarir væru svo nátengd Ameríku í hugum lesenda sinna að hann tók sérstaklega fram að hægt væri að gera þessar breytingar á

²⁰ Þorleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags. Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906–1930*, Reykjavík: Efling stéttarfélag/Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 2007, bls. 43.

²¹ Ástráður Eysteinnsson, „Á höttunum eftir Hemingway“, bls. 118.

²² Skúli Thoroddsen, „Ameríku-ferðirnar“, *Þjóðviljinn ungi* 21. febrúar 1893, bls. 1–2.

samfélagsgerðinni án þess „að „amerikanísera“ þjóðflokk vorn hér í landi“.²³ Varnaglinn sem hann sló bendir til þess að amerísk áhrif hafi verið talin óæskileg.

Samkvæmt Ritmálssafni Orðabókar Háskólans er grein Skúla elsta dæmið um notkun sagnorðsins „amerikanísera“, og annarra skyldra hugtaka eins og „amerikanisering“, í prentuðum ritum útgefnum á Ísland.²⁴ Orðræða sem kennd hefur verið við þetta hugtak (fr. *Américanisation* og e. *Americanization*) hafði verið útbreidd allt frá upphafi 19. aldar meðal menntaðrar yfirstéttar í Bretlandi, Þýskalandi, Frakklandi, Skandinavíu og víðar.²⁵ Amerikanisering var álitin ógn við rótgróna evrópska hámenningu, hún var hluti af hinum nýja iðnvædda aldarhætti, fjöldaframleidd í verksmiðjum fyrir fjöldann. Áherslan á fjöldann var samt ekki bundin við umræður um menningu í þröngum skilningi því hugmyndir um fjöldann voru líka miðlæggar á stjórnmalasviðinu og tengdust kröfum um lýðræðisumbætur og aukin pólitísk völd til handa almennum borgurum. Hinum ríkjandi öflum í samfélaginu stóð stuggur af fjöldanum, og í Bretlandi litu íhaldsmenn til að mynda svo á að róttæk öfl heima fyrir og í Bandaríkjunum væru bandamenn, enda áttu hugmyndastraumar greiða leið milli heimsálfanna tveggja. Þannig voru til dæmis sósíalismi, femínismi, almennur kosningaréttur karlmannna og afnám þrælahalds í deigluinni beggja vegna Atlantsála og var hugmyndafræðileg umræða í Bandaríkjunum og Kanada talin kynda undir ólgu í Evrópu.²⁶

Það er trúlega ekki tilviljun að orðið amerikanísera birtist á Íslandi árið 1893 því augu heimsbyggðarinnar beindust að Bandaríkjunum þetta ár sem aldrei

²³ Sama heimild.

²⁴ Hægt er að finna að minnsta kosti eitt eldra dæmi um notkun hugtaksins „amerikanisering“ í tímaritinu *Sameiningu* sem hið lútherska kirkjufélag Íslendinga í Vesturheimi gaf út í Winnipeg í Kanada. Hugtakið kemur fyrir í umfjöllun um fyrirlestur Einar H. Kvaran um framtíð íslenskra innflytjenda í Vesturheimi og er notað til að lýsa því hvernig íslenskir innflytjendur semja sig að síðum og venjum í Vesturheimi. Sjá *Sameiningin* 3: 12/1889, bls. 185–191.

²⁵ Ýmsir skandinavískir höfundar skrifuðu bækur um kynni sín af Bandaríkjunum og Bandaríkjamönnum á 19. öld. Þekktastur þeirra er trúlega Knut Hamsun sem dvaldi í Bandaríkjunum á árunum 1882–1884 og 1886–1888. Árið 1889 kom út bók þar sem hann greindi frá kynnum sínum af landi og þjóð en myndin sem þar er dregin upp af bandarískri menningu er mjög neikvæð. Þessi skrif Hamsuns voru þekkt um öll Norðurlönd og víðar. Sjá Sven H. Rossel, „The Image of the United States in Danish Literature. A Survey with Scandinavian Perspectives“, bls. 1–23, hér bls. 14–16; Øyvind T. Gulliksen og Telemark College, „Tunnel of Love. American Influences on Norwegian Culture“, bls. 101–127, hér bls. 112–115; Birgitta Steene, „The Swedish Image of America“, bls. 145–191, hér bls. 170–172, þessir bókarkafar birtust í *Images of America in Scandinavia*, ritstjórar Poul Houe og Sven Hakon Rossel, Amsterdam og Atlanta: Rodopi, 1998.

²⁶ Mel van Elteren, *Americanism and Americanization. A Critical History of Domestic and Global Influence*, Jefferson: McFarland & Company, Inc., Publishers, 2006, bls. 8.

fyrir vegna heimssýningarinnar í Chicago sem haldin var til að fagna því að 400 ár voru liðin frá landafundum Kólumbusar.²⁷ Í *Þjóðviljanum unga* var til að mynda byrjað að fjalla um aðdraganda sýningarinnar síðla árs 1892 og birtust þar reglulega fréttir af henni meðan á henni stóð.²⁸ Sú staðreynd að borgin skyldi hafa verið valin sem vettvangur sýnir að hún var samofin þeirri ímynd sem Bandaríkin vildu skapa sér á hinu alþjóðlega sviði. Heimssýningar drógu að sér ferðalanga hvaðanæva að úr veröldinni með tilheyrandi athygli í blöðum, tímaritum og öðrum fjölmiðlum þess tíma.²⁹ Chicago er mjög áhugaverð í samhengi við orðræðu um amerikaniseringu því afstaða Evrópubúa til þessarar stórborgar einkenndist af þversagnakenndum skoðunum og tilfinningum. Fyrir það fyrsta voru sláturhús borgarinnar þekkt víða um Evrópu löngu áður en heimssýningin kom til því ferðalangar sem þangað komu útlistuðu stærð þeirra og afköst í ritgerðum og ferðabókum.³⁰ Matthías Jochumsson var einn þeirra sem lagði land undir fót til að skoða heimssýninguna en í ferðabókinni *Chicago-för mín 1893* lætur hann ekki hjá líða að útlista nokkuð nákvæmlega það sem gerðist þann stundarfjórðung sem leið frá því að svín voru hafin lifandi á loft á afturfótunum í sláturhúsunum og þar til þau voru „hengd upp húðlaus, vamblaus og höfuðlaus“.³¹ Út af þessu leggur séra Matthías með eftirfarandi hætti:

Með þessu svína-torreki vil jeg þá kveðja Chicagó. Er langt frá mér að segja, að frændur séu þar frændum verstir, því það er skapadómur

²⁷ Þegar orðið Bandaríkin er slegið inn á timarit.is má sjá að á tímabilinu 1880–1889 kemur það 324 sinnum fyrir, 1890–1899 birtist það 1104 sinnum en fellur svo niður í 973 skipti 1900–1909. Ef orðið Danmörk er slegið inn til samanburðar þá kemur það 632 sinnum fyrir á fyrsta tímabilinu, 816 sinnum á öðru tímabilinu og 1916 sinnum fyrir á þriðja tímabilinu. Ef slegið er inn Chicago kemur það 482 sinnum fyrir á fyrsta tímabilinu, 3119 sinnum á öðru tímabilinu og 2268 sinnum fyrir á þriðja tímabilinu. Sambærilegar leitir með önnur orð benda eindregið til þess að áhugi hafi verið óvenjulega mikill á Bandaríkjunum og þó einkum og sér í lagi Chicago í íslenskum prentmiðlum á tímabilinu 1890–1899.

²⁸ „Hvern þátt taka Íslendingar í sýningunni í Chicagó?“, *Þjóðviljinn ungi* 16. nóvember 1892, bls. 1–2.

²⁹ Umfjöllun um kvikmyndatekni í íslenskum fjölmiðlum má rekja til heimssýningarinnar en Thomas Alva Edison hafði boðað að þar myndi hann kynna til sögunnar „nýja töfravél“. Sjá Gunnar Tómas Kristófersson, „Upphaf kvikmyndaaldar á Íslandi“, *Ritid. Tímarit Hugvísindastofnunar* 2/2019, bls. 43–68, hér bls. 48.

³⁰ Jesper Gulddal, *Anti-Americanism in European Literature*, New York: Palgrave Macmillan, 2011, bls. 105.

³¹ Matthías Jochumsson, *Chicago-för mín 1893*, Akureyri: Prentsmiðja Björns Jónssonar, 1893, bls. 50. Framvegis verður vísað til þessarar heimildar innan sviga í meginmáli með skammstöfuninni *Cfm* og blaðsíðutali.

vors kyns, að eins dauði er annars brauð; en hins óska jeg, að þetta sundlandi svínadráp mætti verða líkamleg ímynd niðurskurðar þessarar voldugu borgar á öllu andlegu siðleysis „svínaríi“ hins stórfenga nýja heims! (*Cfm* 50)

Annars staðar lætur Matthías í ljósi mikla aðdáun á Chicago og hann kemur lesendum sínum í skilning um hvers vegna hún var kölluð „Undra-borgin“. Hann lýsir sporvögnum „sem dregnir eru undir strætum af rafmögnum vinduspilum“ (*Cfm* 40), turnhúsum „sem Chicagóbúar sjálfir kalla „himinskafa“ (Skyscrapers)“ (*Cfm* 46), að ógleymdum „hljóðberunum“ en þræðir þeirra liggja „eins og þétt net um þessa borg og gegnum hvert hús“. Þetta gerir þeim kleift „sem eiga telifóna“ að heyra „margar mílur vegar“ (*Cfm* 39). Fjölmennið sem ryðst niður strætín er samt helsta einkenni borgarinnar og þar á sér stað stefnumót fólks með ólíkan bakgrunn, trúarbrögð og lífsskoðanir. Tveir af þeim hópum sem Matthías nefnir til sögunnar eru sósíalistar og anarkistar. Þeir eru ekki áberandi að hans sögn en samt er „hin mesta óánægja“ meðal almenna „verkamannalýðsins; fer hann einkum fram á vissar takmarkanir þess ódæma auðvalds, sem þar þykir raska öllu hófi og jöfnuði undir yfirvarpi laga og lýðfrelsis“ (*Cfm* 41–42).

Matthías fjallar um heimssýninguna í sérstökum kafla undir lok bókar sinnar og þar dylt engum að það ríkir samkeppni milli nýja heimsins og þess gamla. Matthías segir beinlínis að með heimssýningunni hafi „hin unga Amerika eins og skorað Evrópu gömlu á hólmi“ (*Cfm* 130). Matthías getur ekki leynt hrifningu sinni á iðnaðar-, jarðyrkju-, málmnema-, rafflista- og maskínuhöllinni sem hann heimsækir á heimssýningunni. Yfirburðir Bandaríkjamanna virðast blasa við á sviði tækni og iðnaðar þar sem þeir möguleikar sem rafmagnið býður upp á blasa hvarvetna við. Þannig lýsir Matthías því upprifinn að París sé „lýst með 50 þús. gasljósum, en sýningin í Chicagó v[æri] uppljómuð með 150000 rafblossum!“ Hann bætir því við að allt þetta „ljóshaf“ hafi komið frá „einni og sömu uppsprettu, og er sá rafkraptur framknúinn með ákaflega mikilli gufuvél; má, eins og kunnugt er, jafnt nota rafaflið til lýsingar og sem hreyfiafl“ (*Cfm* 138). Matthías álitur heimssýninguna merkilegan viðburð í „veraldarsögunni“ og sá dýrðarljómi sem hún varpar á Chicago er til þess fallinn að breyta afstöðu Evrópumanna til Ameríku og menningar hennar. Borgin kemur honum fyrir sjónir „einsog tákn tímans, undur hinnar nýju sögu og nýju mannkyns-menningar“ (*Cfm* 129–130).



Mynd 1 Árið 1893 ferðaðist Sigfús Eymundsson um Íslendingabyggðirnar í Norður-Ameríku og heimsótti meðal annars heimssýninguna í Chicago. Í safni hans er ekki að finna neinar myndir frá sýningunni en margar myndir af hýbýlum manna og járnbrautarmannvirkjum. (Sigfús Eymundsson, Þjóðminjasafn Íslands.)

Það sem heimssýningin sýndi að mjög takmörkuðu leyti var veruleiki og kjör verkafólks sem starfaði í landbúnaði, iðnaði, verksmiðjum og námuvinnslu. Bent hefur verið á að þessarar firringar gæti líka í lýsingum ferðalanga á heimssýningunni sjálfri því þeir kjósi að draga upp mynd af henni sem draumkenndri, ójarðneskri eða guðdómlegri fremur en sem afrakstri erfiðisvinnu.³² Margir verkamannanna á heimssýningunni voru háskólastúdentar eða farandverkamenn (e. *tramps* eða *hobos*) en sú manngerð er að mörgu leyti táknræn fyrir iðnbyltinguna því hreyfanleikinn sem fylgdi tilkomu lestarferfisins í Bandaríkjunum gerði farandverkamönnum kleift að ferðast þangað sem þörf var fyrir vinnu þeirra. Þannig höfðu þeir mikilvægt hlutverk í iðnaðarframleiðslunni. Vegna hreyfanleikans náðu farandverkamennirnir að sama skapi ekki fótfestu í samfélögunum þar sem þeir fóru um og höfðu því stöðu á jaðri þeirra í ýmsu tilliti. Vinnuaffið

³² David Silkenat, „Workers in the White City. Working Class Culture at the World’s Columbian Exposition of 1893“, *Journal of the Illinois State Historical Society* 4/2011, bls. 266–300, hér bls. 289–290.

var sú vara sem þeir höfðu að bjóða og hana gátu þeir selt ólíkum vinnuveitendum á ólíkum stöðum.³³ Þeir íbúar Chicago sem höfðu þar fasta búsetu áttu margir aðild að stéttarfélögum en þau stóðu oft í nánu sambandi við þjóðernislegan uppruna þeirra eða kirkjudeildir. Þessi rótgrónu stéttarfélög stóðu vörð um hagsmuni félagsmanna sinna og mynduðu skjaldborg til að halda aðkomufólki utan sinna vébanda. Sósíalistar voru eina skipulagða hreyfingin sem gaf farandverkamönnum sýningarinnar gaum en forkólfarnir voru vel menntaðir og fræðilega þenkjandi um samfélagsmál og fékk málfutningur þeirra góðan hljómgrunn. Margir farandverkamannanna hneigðust til sósíalisma upp frá þessu og breiddu út kenningar hans þegar þeir leituðu tækifæra á nýjum stöðum.³⁴ David Silkenet heldur því fram að skipuleggiendur heimssýningarinnar hafi séð heimssýninguna fyrir sér sem tákni um uppgang iðnvædds kapítalisma í Bandaríkjunum; verkamenn hafi líka verið meðvitaðir um þetta tákngildi upp til hópa en heimssýningin hafi gert þá meðvitaða um að hlutskipti þeirra í samfélaginu byggði á arðráni.³⁵

Á Íslandi komst líka hreyfing á vinnuafli á síðasta áratugi 19. aldar og í upphafi þeirrar 20., þegar ungt fólk tók að streyma frá sveitunum til þéttbýlisstaða. Þetta unga fólk var vant því að vinna í kapp við þann tíma sem náttúruöflin skömmtuðu og hugmyndir um fasta hvíldartíma og regluleg matar- eða kaffihlé voru því framandi. Það vílaði því ekki fyrir sér að vinna langa vinnudaga fyrir lágt kaup og bág kjör. Þeir daglaunamenn sem fyrir voru á þéttbýlisstöðum sáu aðkomufólkið sem ógn og fyrstu stéttarfélögin voru stofnuð sem nokkurs konar vörn daglaunamannanna gagnvart fólksstraumnum úr sveitunum.³⁶ Í þéttbýliskjörnunum urðu andstæðir hagsmunir ólíkra hópa í samfélaginu sem sé skýrari en verið hafði í gamla sveitasamfélaginu og með iðnaði, útgerð og vaxandi þjónustu í þéttbýliskjörnunum varð til stéttarvitund meðal vinnandi fólks. Finna má dæmi þess að menn hafi gert tilraunir með vélar í íslenskum sjávarútvegi allt aftur til ársins 1863. Vélvæðing hófst þó ekki í þeim skilningi að „rekstrar-

³³ Heimssýningin krafðist margra vinnandi handa; talið er að mest hafi 16.000 verkamenn unnið þar á sama tíma við uppbyggingu og ýmiss konar þjónusta en alls hafi 25.000 verkamenn haft þar atvinnu á einhverjum tímapunkti. Sama heimild, bls. 268–269.

³⁴ Verkalýðurinn sem hafði fasta búsetu í Chicago var af öðrum toga því hann skiptist í kirkjudeildir, verkalýðsfélög og hagsmunablokkir sem réðust fyrst og fremst af etniskum bakgrunni þeirra. Sama heimild, bls. 278.

³⁵ Sama heimild, bls. 295. Í grein Silkenat kemur fram að sumir verkamannanna sem hneigðust til sósíalisma hafi gerst áskrifendur að *Appeal to Reason* þegar blaðið hóf göngu sína 1895. Sjá sama heimild, bls. 287.

³⁶ Sjá Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 221–222 og Þorleifur Friðriksson, *Víð Dagsbrún nýs dags*, bls. 36–38.

fyrirkomulag og verkshættir“ heils atvinnuvegar gjörbreyttust með mikilli framleiðsluaukningu fyrr en haustið 1902 þegar tveir Ísfríðingar settu mótur í sexæring sinn og hrundu af stað byltingu sem varð til þess að á skömmum tíma vélvæddust allflestir bátar við Djúp.³⁷

Skúli Thoroddssen sem vitnað var til í upphafi þessa kafla var almennt gagnrýninn á þjóðskipulag á Íslandi og talaði meðal annars fyrir því að vinnuhjú, lausamenn og launafólk í þéttbýli gætu lifað sem sjálfstæðir einstaklingar.³⁸ Barátta hans fyrir frelsi og þjóðfrelsi gerðu það að verkum að hann varð íslenskum sósíalistum og kommúnistum á 20. öld hugstæður og var nafn *Þjóðviljans* til að mynda endurvakið honum til heiðurs þegar Kommúnistaflokkur Íslands kom sér upp málgagni árið 1936.³⁹ Lög sem miðuðu í átt að þeim breytingum sem Skúli kallaði eftir voru samþykkt á alþingi árið 1893. Samkvæmt eldri lögum gátu menn ekki unnið í lausamennsku fyrr en eftir 25 ára aldur en nú var aldurinn lækður niður í 22 ár. Að sama skapi lækkaði sú upphæð sem menn þurftu að greiða til að losna undan vistarskyldu og eftir 30 ára aldur voru menn lausir undan ákvæðinu endurgjaldslaut. Nýju löggin ýttu undir hreyfanleika vinnuafis og rýmkuðu atvinnufrelsi.⁴⁰ Áfram var haldið að setja lög um vistarskyldu fram til ársins 1907 og þó að lögnum hafi ekki verið fylgt eftir af neinni alvöru þá sýna tilraunir þingmanna til að halda lögnum til streitu vilja þeirra til að hægja á fólksflutningum og samfélagsbreytingum.⁴¹

Reykjavík 1906

Í febrúar árið 1900 hóf vikublaðið *Reykjavík* göngu sína en markmið þess umfram það að vera til „ánægju og gagns“ var að flytja „nákvæmari fréttir úr bænum“, sem það var kennt við en „stór-blöðin láta í té“. ⁴² Útgefandi blaðsins, Þorvarður Þorvarðarson prentari, stefndi að því að blaðið kæmi út „við komu póstskip-

³⁷ Jón Þ. Þór, „Vélvæðing í íslenskum atvinnuvegum í upphafi 20. aldar“, *Iðnbylting á Íslandi. Umsköpun atvinnulífs um 1880 til 1940*, ritstjóri Jón Guðnason, Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1987, bls. 35–45, hér bls. 35–37.

³⁸ Sjá Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 44.

³⁹ Sama heimild, bls. 322.

⁴⁰ Jón Gunnar Grjetarsson, „Upphaf og þróun stéttskipts samfélags á Íslandi“, bls. 220.

⁴¹ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2003, bls. 195. Vilhelm Vilhelmsson fjallar í bók sinni *Sjálfstætt fólk* um þær valdaafstæður sem vistarbandið fól í sér milli yfirboðara og undirsáta en hann leggur sérstaka áherslu á atbeina vinnumanna til að hafa áhrif á tilveru sína og umhverfi sitt í ýmsu tilliti, sjá Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk. Vistarband og íslenskt samfélag á 19. öld*, Reykjavík: Sögufélag, 2017.

⁴² „[Ritstjórnarpistill]“, *Reykjavík* 24. febrúar 1900, bls. 1.

anna frá útlöndum“ en ástæðan fyrir því var sú að blaðið átti að fjármagna að langmestu leyti með auglýsingum. Takturinn í útgáfunni tók því ekki fyrst og fremst mið af almanakinu eða gangvirkjum náttúrunnar heldur hagsmunum og lögmálum markaðarins. Þetta fyrirkomulag sýnir hvernig ólík fyrirbæri eins og samgöngur, prent og verslun, sem öll byggja á sjálfstæðum kerfum, vinna saman og orka hvert á annað.⁴³ Þorvarður kemur mikið við sögu íslensku verkalýðs-hreyfingarinnar en hann var fyrsti forseti Hins íslenska prentarafélagsins (HÍP) sem var lengi elsta starfandi stéttarfélagið á Íslandi, stofnað árið 1897.⁴⁴

Pétur Hjaltsted,
úrsmiður.

Reykjavík,
Laugaveg 18.

Hvergi ódýrara.
Alls konar úr og
stundaklukkur.
Enginn býður betri kjör.
Verð á úrum frá 8 kr. til 200 kr.
Verð á klukkum frá 1,95 til 90 kr.

Hvergi meira úrval.
Hvergi fást betri
né ódýrari verk-
mannaúr.

Úrkeðjur af ýmsu verði úr Nik-
kel, Alumin., Talmi, Double og silfri.

Alt, sem að úrum lýtur, fljótt og vel
af hendi leyst.

SINGERS STÁL-SAUMAVÉLAR.

ÝMS HLJÓDFÆRI o. m. fl., er síðar mun verða
auglýst, til sölu, og sendist oftr þöntunum
viðs vegar um land.
R.vík ²¹/₂ 1900.

PÉTUR HJALTESTED.

Mynd 2 Saumavélar voru auglýstar í 1. tbl. *Reykjavík*. Þær eru taldar marka upphafið á vélvæðingu heimilanna. Þær komu fyrst á markað í Bandaríkjunum um 1850 en um aldamótin 1900 má segja að þær hafi náð almennri útbreiðslu á Íslandi. (*Reykjavík* 24. febrúar 1900, bls. 4.)

⁴³ Í texta við mynd 2 er stuðst við eftirfarandi heimild: Arnheiður Steinþórsdóttir, „Saumavélar á Íslandi 1865–1920. Útbreiðsla, efnismenning og samfélagsleg áhrif“, Háskóli Íslands, 2023.

⁴⁴ *Reykjavík* var fyrst prentað í Aldar-prentsmiðju sem Jón Ólafsson hafði flutt til landsins laust fyrir aldamótin en selt Davíð Óstlund skömmu síðar. Árið 1902 keypti Þorvarður eigin prentsmiðju sem kennd var við blað hans og nefnd Reykjavíkurprentsmiðja. Sjá Klemens Jónsson, *Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi*, Reykjavík: Félagsprentsmiðjan, 1930, bls. 160–161.

Jón Ólafsson var einn af þeim mönnum sem Matthías Jochumsson hitti í Chicago þegar hann heimsótti borgina árið 1893 en hann var í hópi þeirra 2–4 þúsund Íslendinga sem fóru til Vesturheims en sneru aftur til Íslands.⁴⁵ Jón bjó í Ameríku í tvígang; fyrst 1873–1875 og síðan 1890–1897. Á seinni Ameríku-árum sínum dvaldi hann í Chicago, frá 1893–1897.⁴⁶ Í ársbyrjun 1901 hóf Jón að rita erlendar fréttir í *Reykjavík* og tveimur árum síðar gerðist hann ritstjóri þess og ábyrgðarmaður gagnvart prentlögum en þá hafði Þorvarður selt blaðið kaupmönnum sem stofnuðu hlutafélag um rekstur þess.⁴⁷ Á síðum *Reykjavíkur* birtust alloft fréttir úr Vesturheimi en þar fóru líka fram umræður um Ameríku sem sýna að málefni henni tengd brunnu á mörgum í samfélaginu.⁴⁸

Árið 1904 stofnaði Þorvarður Þorvarðarson annað blað, *Nýja Ísland*, og var það fyrsta íslenska blaðið sem hafði það meginmarkmið að vekja athygli á stöðu og kjörum verkamanna. Kom það út fram á mitt ár 1906.⁴⁹ Bæði *Reykjavík* og *Nýja Ísland* voru prentuð í Reykjavíkuprentsmiðju sem var í hans eigu þangað til seint á árinu 1904 þegar Þorvarður seldi prentsmiðjuna til Hlutafélagsins Gutenbergs sem HÍP stóð að. Frá tildrögum að stofnun HÍP og Prentsmiðjunnar Gutenbergs var fjallað nokkuð ítarlega í *Reykjavík* en þar er það sagt vera „verkamanna félagsskapur milli prentaranna, eins og á sér stað nú meðal allra iðnmannastétta hvarvetna um heim.“⁵⁰ HÍP beitti sér fyrir kjarabótum og bættum

⁴⁵ Talan 2–4 þúsund er mat Viðars Hreinssonar, sjá „Vestur íslenskar bókmenntir“, *Íslensk bókmenntasaga* III, Reykjavík: Mál og menning, bls. 721–766, hér bls. 727. Helgi Skúli Kjartansson og Steinþór Heiðarsson fjalla um flutningsjöfnuð milli Íslands og Ameríku á nokkrum stöðum án þess að nefna ákveðna heildartölu í því samhengi, sjá *Framtíð handan hafis*, bls. 87–88, 90–91, 96 og 100.

⁴⁶ Á Chicago-árum sínum fékkst Jón Ólafsson við blaðamennsku á ýmsum blöðum landnema frá Skandinavíu en vann einnig fyrir sér sem bókavörður á Newberry Library. Heimkominn hóf hann störf á Landsbókasafni Íslands þar sem hann kynnti til sögunnar nýtt skráningarkerfi sem hann hafði kynnst ytra og kennt er við bandaríska bókasafnsfræðinginn Melvil Dewey. Jón Þ. Þór, „Upphaf prentlistar á Austurlandi. Jón Ólafsson og Skuldarprentsmiðja“, *Tímarit Máls og menningar* 3–4/1970, bls. 318–352, hér bls. 322–323.

⁴⁷ „[Ritstjórnarpistill]“, *Reykjavík* 18. janúar 1901, bls. 1; „[Ritstjórnarpistill]“, *Reykjavík* 3. janúar 1903, bls. 1.

⁴⁸ Í myndatexta við *Mynd 3* er vitnað í eftirfarandi umfjöllun: Jón Ólafsson, „Leikhúsið. „Vestmannabrellur“. Leikur í 4 þáttum. Eftir Victorien Sardous“, *Reykjavík* 25. nóvember 1905, bls. 2.

⁴⁹ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 50.

⁵⁰ Jón Ólafsson, „Reykjavík og grend“, *Reykjavík* 7. janúar 1905, bls. 3. Jón rekur stofnun HÍP til bágra aðstæðna í Prentsmiðju Dagskrár, sem starfrækt var undir lok 19. aldar. Þar hafi verið hafður sá háttur á að einungis einn fullnuma prentari hafi verið að störfum hverju sinni en megnið af vinnunni hafi verið lögð á illa launaða námsdregi. Þegar



Mynd 3 Í leikdómi í Reykjavík fullyrti Jón Ólafsson að franska leikritið *Vestmannabrellur* (1905) eða *L'Onclé Sam* (1872) sem Leikfélag Reykjavíkur setti upp væri „andstyggilegur skrípaleikur“. Taldi hann höfundinn Victorien Sardou (1831–1908) sýna landa sína sem „mentaða heiðursmenn“ og fullkomna andstæðu þeirra amerísku sem séu að einni konu undanskilinni „tómir mentunarlausir bófar, skríll og skækjur.“ Árni Eiríksson lék bandaríska auðkýfinginn Sám frænda. (Þorleifur K. Þorleifsson, Þjóðminjasafn Íslands.)

vinnuskilyrðum allt frá stofnun en þegar prentsmiðjueigendur vildu ekki ganga til samninga við það var brugðið á það ráð að stofna Hlutafélagið Gutenberg „til að kaupa stærri og nýtari prentáhöld, en hér væri áður til, og stofna prentsmiðju, sem gæti kept við hinar og veitt félagsmönnum atvinnu með þeim kjörum [...] sem tryggja verkamönnum sæmilegt vana kaup fyrir vinnu sína.“⁵¹ Árið 1906 var Gutenberg eitt þriggja iðnfyrirtækja sem tóku gufuaflíð í sína þjónustu en hin voru klæðaverksmiðjan Iðunn og trésmiðjan Völundur.⁵² Fyrir prentsmiðjuna hafði verið reist sérstakt hús, „14x25 álnir á stærð, tvíloftað og með kjallara undir“; á efstu hæðinni var setjarasalurinn, á hæðinni þar fyrir neðan var vélasalur og í kjallaranum undir honum var gufuvélin staðsett.⁵³ Gutenberg naut sérstöðu á íslenskum prentmarkaði að því leyti að hún var ekki stofnuð af flokki sem vildi koma sér upp málgagni heldur þjónaði hún „atvinnuþörfum prentarastéttarinnar“ og „markmiðum prentlistarinnar“.⁵⁴

Þann 23. júní 1906 hóf nýr dálkur göngu sína í *Reykjavík*, „Marconi-skeyti“. Í honum voru birtar nýjustu fréttir sem borist höfðu til loftskeytastöðvar sem Marconi-félagið hafði sett upp til bráðabirgða á Íslandi.⁵⁵ Tæknin sneið þessum orðsendingum þröngan stakk en aldrei fyrir höfðu upplýsingar um atburði borist til Íslands utan úr heimi með viðlíka hraða. Svo vill til að ein af fyrstu fréttunum sem bárust blaðinu með loftskeyti varðar þau jákvæðu áhrif sem *The Jungle* hafði á matvælaframleiðslu í Bandaríkjunum: „Washington. Neðri málstofa hefir samþykkt tillögu Roosevelt forseta um eftirlit með slátrunarhúsunum. Málið fer nú í sameiginlega nefnd beggja þingdeilda.“⁵⁶ Í sama tölublaði birtist lengri frétt sem setti skeytið í víðara samhengi undir fyrirsögninni „Niðursoðið kjöt“. Þar er

námstíma þeirra hafi verið lokið að tveimur árum liðnum hafi þeir verið reknir og nýir ráðnir í staðinn. Þetta var að sögn *Reykjavíkur* „ekki annað en blátt áfram banatilræði við prentarastéttina sem iðnmannastétt“ og því var ekki nema „náttúrulegt, að þetta yrði til að knýja prentarastéttina til sjálfsvagnar“ sem leiddi til stofnunar HÍP.

⁵¹ Sama heimild.


⁵² Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 36.

⁵³ „Prentsmiðjan Gutenberg“, *Óðinn* 4: 8/1908, bls. 61–64, hér bls. 63–64.

⁵⁴ Hallbjörn Halldórsson, „Þróun íslenzkrar prentlistar síðustu fimm tíu árin“, *Prentarinn. Afmælisblað* 4. apríl, 1947, bls. 36–40, hér bls. 37. Í myndatexta við mynd 4 er vitnað í sömu grein bls. 38. Eftir stofnun Gutenbergs réði HÍP yfir framleiðslutækjunum og var komið í beina samkeppni við hinar prentsmiðjurnar um vinnuafll. Þetta gerði félaginu strax kleift að knýja fram um 15% kauphækkun fyrir meginþorra stéttarinnar. Félagið hélt áfram að skila kjarabótum fyrir sína félagsmenn og árið 1909 var níu stunda vinnudagur til að mynda samþykktur. Sjá Guðmundur Halldórsson, „Nokkrar hugleiðingar á fertugsafmæli „Gutenbergs““, *Prentarinn* 24: 1/1945, bls. 6–10, hér bls. 6.

⁵⁵ Helgi Skúli Kjartansson, *Ísland á 20. öld*, bls. 31.

⁵⁶ Jón Ólafsson, „Marconi-skeyti“, *Reykjavík* 23. júní 1906, bls. 2.



Mynd 4 Ef farandverkamenn eru táknrænin fyrir iðnvæðinguna í Bandaríkjunum þá má segja að íslensku prentararnir séu tákni hennar á Íslandi. Þeir bundust samtökum til að standa vörð um sértæka tækniþekkingu en samtakamátturinn gerði þeim líka kleift að ná yfirráðum yfir framleiðslutækjum. Með þessum vopnum gátu þeir beitt sér fyrir áframhaldandi kjarabótum stéttarinnar eða með orðum Hallbjörns Halldórssonar prentara: „Með stofnun prentsmiðjunnar „Gutenbergs“ höfðu prentarar staðfest með sér þau sannindi, að sá á iðn, sem hefur numið hana, eins og sá á land, sem það hefir numið.“ Myndin sýnir „hreyfivjel“ í öðrum af tveimur vélasölum Gutenbergs, hún fylgdi grein í *Óðni* árið 1908. (*Óðni* 4: 8/1908, bls. 62.)

greint frá ungum verkamanni í Chicago sem hafði verið rekinn frá einu „kjöt-niðursuðu-húsinu“ vegna sögu sem hann hafði skrifað og nefnist *The Jungle*. Um efni skáldsögunnar segir að hún lýsi „átakanlega ýmsum sóðaskap, sem þar eigi sér stað í þeim miklu niðursuðu-húsum miljónaranna – keyptar kálffullar kýr, sjúk dýr, úldið ket og óhreint, soðið niður, jafnvel rottuket o.s.fv.“⁵⁷ Einnig er greint frá áhrifum bókarinnar sem hafi orðið til þess að Roosevelt forseti skipaði nefnd til að rannsaka sláturhúsin, auk þess sem sala á kjöti frá sláturhúsunum hafi dregist saman „um allan heim“. Í fréttinni kemur enn fremur fram að Jón Þekki til sláturhúsanna í Chicago og þær upplýsingar sem hann býr yfir gera honum kleift að draga eftirfarandi ályktanir:

⁵⁷ Jón Ólafsson, „Niðursoðið kjöt“, *Reykjavík* 23. júní 1906, bls. 2.

Hvað sem öðru líður, þykir oss næsta ótrúlegt, að nokkuð slíkt, sem lýst hefir verið, eigi sér stað í niðursuðuhúsum Armour & Co's, því að þar hafa Íslendingar unnið og jafnan látið vel af fyrirtaks-hreinlæti þar, enda er Armour sjálfur (aðaleigandinn) inn vandaðasti maður. Sama verður ekki sagt um Swift, aðaleiganda annars stærsta niðursuðuhússins í Chicago. Væri mönnum hér, sem kaupa niðursoðið kjöt, ráðlegt að gæta þess, að nafn Armour & Co's standi á dósunum. Vér höfum borðað hér fyrirfarandi daga Armours két og orðið gott af, enda festum vér enga trú á neinar óþverrasögur um *hans* niðursuðu.⁵⁸

Erfitt er að segja til um hvort umfjöllun Jóns um *The Jungle* byggir á erlendri frétt sem hann hefur lesið eða frásögnum sem honum hafa borist til eyrna eftir öðrum leiðum. Sinclair varð fljótt umtalaður í Íslendingabyggðunum í Vesturheimi ef marka má umfjöllun blaða sem þar voru gefin út. Í *Baldri*, sem kom út í Gimli í Kanada, má finna umfjöllun um *The Jungle* þegar í maí árið 1905. Þar er sagt frá því að sagan, sem komi út „í hinu víðfleyga Sósíalistablaði „Appeal to Reason““, sé farin að hreyfa við stjórnvöldum í Bandaríkjunum sem kalli nú eftir rannsóknum á kjötiðnaðnum.⁵⁹ Höfundur lætur þó ekki þar við sitja heldur setur hann söguna í samhengi við gagnrýnin skrif annarra bandarískra rithöfunda sem nú séu taldir „meztu og beztu menn“ þjóðar sinnar en hafi knúið fram „afaróvinsæla uppreisn gegn þáverandi ástandi“ og þrælhaldi. Segir enn fremur að Upton Sinclair sé ásamt Jack London og Edwin Markham einn „hin[na] þjóðfrægustu núlifandi rithöfunda [...] í Bandaríkjunum, og þeir [séu] allir hinir römmustu sósíalistar“.⁶⁰ Vilhelm Vilhelmsson hefur lýst *Baldri* sem „sósíalísku áróðursblaði“ og rannsóknir hans á rótækum hópum meðal íslenskra innflytjenda í Manitoba við upphaf 20. aldar sýna að þar hófst skipuleg umræða um sósíalisma talsvert fyrr en á Íslandi.⁶¹ Í umfjöllun *Baldurs* um *The Jungle* má finna eftirfarandi yfirlýsingu sem hljómar eins og nokkurs konar herhvöt: „Með skáldum og rithöfundum þjóðanna í broddi fylkingar, er þeim alltaf

⁵⁸ Sama heimild.

⁵⁹ „Gömul saga ný“, *Baldur* 24. maí 1905, bls. 2.

⁶⁰ Sama heimild. Þetta sama ár birtist líka í *Baldri* þýðing á pólitískri hugvekjju eftir Sinclair í tveimur hlutum: Upton Sinclair, „Áskorun til verkamanna“, *Baldur* 25. nóvember 1905, bls. 2; Upton Sinclair, „Áskorun til verkamanna [framhald]“, *Baldur* 29. nóvember 1905, bls. 2. Í kjölfarið fylgdi svo hugleiðing um sósíalisma þar sem lagt var út af grein Sinclairs en svo virðist sem greinarhöfundur *Baldurs* þyki einhlýtt að sósíalistar muni ná völdum í flestum borgum eftir því sem verkamönnum fari fjölgandi: „Athuganir við Áskorun Upton Sinclair's“, *Baldur* 2. desember 1905, bls. 2.

⁶¹ Vilhelm Vilhelmsson, „Ánægja með það sem er – ið gamla, er andlegur dauði“, bls. 45.

að fjölga, sem finna hversu ófullnægjandi mannfjelagsástand það er, að einungis sje stjórnad *sumum af sumum fyrir suma*.⁶²

Jón Ólafsson virðist ekki hafa haft vitneskju um gagnrýni Sinclairs á það kerfisbundna óréttlæti sem auðvaldsskipulagið fól í sér og í stað þess að horfa á kerfið sem slíkt beinir hann kastljósinu að verksmiðjueigendum og greinir góða kapítalista frá vondum. Áherslan á framleiðsluhættina og það hvort hægt sé að treysta vörum frá tilteknum niðursuðuverksmiðjum kemur líka heim og saman við viðbrögðin við bókinni víðast hvar þar sem hún kom út en þau dró Sinclair saman með þessum fleygu orðum: „Ég vildi hæfa almenning í hjartastað en ég sló ég hann í magann fyrir slysi.“⁶³ Þrátt fyrir að umfjöllun *Reykjavíkur* um pólitískar hliðar *The Jungle* sé takmörkuð þá er óhætt að fullyrða að umfjöllun um stjórnsmál og stjórnsmálhreyfingar sem birtist á síðum blaðsins einkennist af lifandi áhuga. Er þar einkum horft til Bandaríkjanna, Skandinavíu og Englands. Oft og tíðum birtast alþjóðleg hugtök og íslenskar þýðingar þeirra samhliða. Þannig koma við sögu anarkistar eða stjórnleysingar, sósíalistar eða lögjafningar og *radikale* sem ýmist er þýtt sem róthöggvir vinstrimenn, róthöggvar eða rónemar.⁶⁴

Í júní 1906 birtu tvö af Íslendingablöðunum í Vesturheimi, *Vinland* og *Lögberg*, líka umfjallanir um *The Jungle* og þar er sömuleiðis lögð höfuðáhersla á þau áhrif sem bókinn hafði á matvælaíðnaðinn.⁶⁵ Það sama er uppi á tengingnum hjá Reykjavíkurblaðinu *Löggrétu* sem útlistar það ógeðslegasta úr lýsingum Sinclairs á því sem hafnaði í niðursuðukötlunum í Chicago til að vara íslenska neytendur við því að taka erlend matvæli fram yfir íslensk. Um leið varpar umfjöllunin ljósi á breytingar sem eru að verða á íslensku efnahagslífi þar sem útflutningur á fiski var farinn að skila margföldum gjaldeyrishagnaði á við landbúnaðarvörur:

⁶² Sama heimild. Þetta sama ár birtist líka í Baldri þýðing á pólitískri hugveikju eftir Sinclair tveimur hlutum: Upton Sinclair, „Áskorun til verkamanna“, *Baldur* 25. nóvember 1905, bls. 2; Upton Sinclair, „Áskorun til verkamanna [framhald]“, *Baldur* 29. nóvember 1905, bls. 2. Í kjölfarið fylgdi svo hugleiðing um sósíalisma þar sem lagt var út af grein Sinclairs en svo virðist sem greinarhöfundur *Baldurs* þyki einhlýtt að sósíalistar muni ná völdum í flestum borgum eftir því sem verkamönnum fari fjölgandi: „Athuganir við Áskorun Upton Sinclair’s“, *Baldur* 2. desember 1905, bls. 2.

⁶³ Alicia Mischa Renfroe, „Social Protest Fiction“, bls. 246. *Baldur* heldur áfram að fjalla um Sinclair næstu misseri en það sama á við um önnur blöð Íslendinga í Vesturheimi.

⁶⁴ Sjá Jón Ólafsson, „Heimsendanna á milli“, *Reykjavík* 26. febrúar 1904, bls. 3; Jón Ólafsson, „Heimsendanna á milli“, *Reykjavík* 17. mars 1906, bls. 3.

⁶⁵ „Einokunarfélög í Hreinsunareldi“, *Vinland* 1. júní 1906, bls. 28; „Kjötverzlunar einokunin“, *Lögberg* 14. júní 1906, bls. 4.

Hjeðan úr landi er selt fiskæti til annarra landa fyrir meir en 4 milljónir króna á ári, en þó er flutt inn í landið allmikið af útlendum niðursoðnum fiskmat.

Hjeðan er flutt til annarra landa kjötæti fyrir meir en 100,000 kr. á ári, en í kaupstöðunum ganga húsmæður í búðir og kaupa útlent niðursoðið kjötmeti.

[...]

Hjer á landi ættu menn ekki að þurfa að svelta þó að hætt væri að flytja hingað niðursoðinn mat – eða ómeti frá öðrum löndum.⁶⁶

Fyrsti togarinn í eigu Íslendinga, Coot, var keyptur til landsins árið 1905 og var hann gufuknúinn.⁶⁷ Togurum fjölgaði ört næstu misseri og það sama átti við um verkafólk í helstu þéttbýliskjörnum sem tók að bindast samtökum þótt fæst þeirra yrðu langlíf. Árið 1906 stofnuðu verkamenn í Reykjavík sitt eigið stéttarfélag, Verkamannafélagið Dagsbrún, sem átti ári síðar aðild að stofnun Verkamannasambands Íslands ásamt HÍP og Bárufélögunum sem voru félög sjómanna og landverkafólks. Verkamannasambandið setti sér pólitísk markmið sem ríma að mati Ragnheiðar Kristjánsdóttur við stefnuskrár sósíaldemókratískra flokka í Evrópu á þessum tíma en þar fléttast saman kröfur um lýðræðislegar umbætur og aðgerðir til að tryggja efnahagslegt réttlæti.⁶⁸ Þorvarður Þorvarðson var fyrsti formaður Verkamannasambandsins en starfsemi þess lognaðist fljótt út af, þótt stéttarfélagin hafi verið komin til að vera. Árið 1906 hóf *Alþýðublaðið* göngu sína með kröftugri stefnuýfirlýsingu þar sem segir meðal annars: „Við, sem gefum það út, erum alþýðumenn, en svo eru í daglegu tali þeir menn kallaðir sem ekkert stjórnvald hafa, ekki hafa lagt fyrir sig vísindalegt nám en gera líkamlegt erfiði að lífsstarfi sínu.“⁶⁹ Líftími blaðsins var ekki langur en það lauk göngu sinni árið 1907 og eftir það „varð langt hlé á skipulegri umræðu um verkalýðsstjórn-mál á Íslandi.“⁷⁰

Fyrsti formaður Dagsbrúnar var Sigurður Sigurðsson búnaðarráðunautur en verkamenn leituðu út fyrir sínar raðir meðal annars vegna þess að þeir töldu sig skorta þekkingu á skipulagi og starfsemi stéttarféлага.⁷¹ Sigurður hafði aftur á móti

⁶⁶ „Niðursoðin ólyfjan“, *Lögjetta* 15. júní 1906, bls. 3.

⁶⁷ Jón Þ. Þór, „Vélvæðing í íslenskum atvinnuvegum í upphafi 20. aldar“, bls. 38.

⁶⁸ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 79–80.

⁶⁹ „Íslenzk alþýða“, *Alþýðublaðið* 1. janúar 1906, bls. 1.

⁷⁰ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 79.

⁷¹ Pétur G. Guðmundsson, „Nokkrar minningar frá uppvaxtarárum Dagsbrúnar“, *Vinnan* 1: 6–7/1943, bls. 146–153, hér bls. 146.

haft kynni af hvoru tveggja erlendis og var hallur undir starfsemi stéttarfélaga og málstað jafnaðarmanna. Sigurður var jafnframt þekktur af störfum sínum víða um land, bæði fyrir bindindishreyfinguna og sem ráðunautur, auk þess sem hann hafði setið á alþingi árið 1901. Í bók sinni um sögu Dagsbrúnar bendir Þorleifur Friðriksson á að Sigurður hafi verið óháður atvinnurekendur í bænum og formennska hans hafi „slegið á ótta bænda og efnamanna sem lögðu samtök verkamanna að jöfnu við plágur sem ógnuðu ríkjandi ástandi.“⁷² Þegar einn af eftirmönnum Sigurðar í formannsembætti Dagsbrúnar, Pétur G. Guðmundsson, rifjaði upp minningar sínar frá árdögum félagsins fer ekki á milli mála að hann taldi Sigurð hafa reynt að þjóna tveimur herrum sem hafi leitt til deydar í félagsstarfinu. Sigurður hafi vissulega viljað félaginu vel en hafi fyrst og fremst verið fulltrúi og starfsmaður bænda „sem litu þessi samtök verkamanna óhýru auga“. Undir lok formannstíðar sinnar hafi Sigurður í raun aðeins gegnt starfinu að nafni til og eftir að hann hafi látið af störfum hafi aftur færst líf í félagið.⁷³ Minningar Péturs vitna um togstreitu milli öndverðra sjónarmiða og hagsmuna í samfélaginu sem bæði hafði áhrif á einstaka menn en líka starfsemi félaga á borð við Dagsbrún. Þorleifur Friðriksson dregur engu að síður fram að hagsmunir bænda og verkamanna sem þegar höfðu fest rætur á mölinni stönguðust ekki endilega á og raunar kemst hann að þeirri niðurstöðu að hafi stofnun verkalýðsfélaganna þjónað sem „vörn daglaunamanna gegn óheftu aðstreymi úr sveitum“ þá megi einnig líta á þau „sem lið í óbeinni samvinnu verkamanna og bænda um gagnkvæma hagsmuni, að draga úr fólksflóttanum, hægja á ferðinni.“⁷⁴

Suðurland 1914

Árið 1910 var Aldarprentsmiðja seld frá Hafnarfirði til Eyrarbakka þar sem hún var starfrækt næstu ár undir heitinu Prentsmiðja Suðurlands.⁷⁵ Á bak við kaupin stóð hópur manna í Árnessýslu sem vildi koma sér upp eigin málgagni sem berðist fyrir málefnum sveitanna á Suðurlandi. Þessi áform gengu eftir og

⁷² Þorleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags*, bls. 35.

⁷³ Pétur G. Guðmundsson, „Nokkrar minningar frá uppvaxtarárum Dagsbrúnar“, bls. 50.

⁷⁴ Þorleifur Friðriksson, *Við brún nýs dags*, bls. 38.

⁷⁵ Prentsmiðja Suðurlands hefur margvisleg tengsl við menn og málefni sem koma við sögu í þessari grein. Hún var upphaflega í eigu Jóns Ólafssonar og hét þá Aldarprentsmiðja. Sjá Klemens Jónsson, *Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi*, bls. 159–161. Vikublaðið *Reykjavík* var fyrst um sinn prentað í Aldarprentsmiðju og það sama á við um íslenska endurritun *Uncle Tom's Cabin* en sú skáldsaga var Upton Sinclair innblástur við ritun *The Jungle*. „Tómas frændi“ hóf göngu sína sem framhaldssaga í 2. tölublaði, 3. árgangs *Þjóðkirkjunnar*, bls. 23–30. Í stuttum formála þýðandans, Guðrúnar Lárusdóttur, segir: „[Þetta] er heimsfræg saga bæði fyrir það, hve ágætlega hún er rituð, og sakir þess, hve mikinn og góðan þátt hún átti í afnámi þrælahaðsins í Bandaríkjunum“ (hér bls. 23).

sama ár og prentsmiðjan var seld var hafin útgáfa á vikublaðinu *Suðurlandi*.⁷⁶ Jón Jónatansson alþingismaður utan flokka og Bændaflokksins eldri var ritstjóri blaðsins á tímabilinu 1911–1915. Hann beitti sér fyrir ýmsum framfaramálum til sveita, kenndi bændum plægingar og notkun slátturvéla. Páll Bjarnason tók einnig virkan þátt í útgáfu blaðsins. Hann var ritstjóri þess á tímabilum og átti þátt í ýmsum nafnlausum greinum sem þar birtust.⁷⁷ Páll lauk kennaraprófi frá Flensborgarskólanum og gegndi embætti skólastjóra Barnaskólans á Stokkseyri á tímabilinu 1909–1917. Hann var líka virkur í félagsmálum og sótti oft nám-skeið erlendis. Sumarið 1911 var Páll á Englandi til að kynna sér skólamál og bæta ensku kunnáttu sína og ári síðar á hann að hafa lokið við að þýða *The Jungle*.⁷⁸ Þýðingin kom ekki út fyrr en síðla árs 1914 þó að innan í prentaðri gerð hennar sé uppgafið útgáfuár 1913. *Suðurland* hafði undirtítilinn „Alþýðublað og atvinnumála“ en efni sem birtist í tímaritinu tengt þessum málefnum gefur mikilvægar vísbendingar um þær hvatir sem kunna að hafa legið að baki útgáfu skáldsögunnar.

Á því tímabili sem leið frá því að Páll hóf að vinna að þýðingu *The Jungle* og þar til bókin kom út birti *Suðurland* allmargar greinar um stéttaátök bæði hérlendis og erlendis. Þann 16. mars árið 1912 er til að mynda bæði fjallað um verkfall kolanámuverkamanna á Englandi og verkfall fiskverkakvanna í Hafnarfirði. Er það sagt fyrsta verkfallið á Íslandi.⁷⁹ Í ágúst ári síðar er forsiða blaðsins lögð undir umfjöllun um „Verkföll“ sem sögð eru „algeng um allan hinn ment-

⁷⁶ Oddur Oddsson fór fyrir hópnum sem keypti Aldarprentsmiðju af tveimur prenturum sem kusu að flytja með henni til Eyrarbakka. Oddur var fyrsti ritstjóri *Suðurlands* en fljótlega tók Karl Helgason, annar af prenturunum, við keflinu og var bæði ritstjóri og ábyrgðarmaður um nokkurt skeið. Sjá Klemens Jónsson, *Fjögur hundruð ára saga prentlistarinnar á Íslandi*, bls. 188–189.

⁷⁷ Í *Íslenskum æviskrám* er Páll Bjarnason sagður hafa verið ritstjóri *Suðurlands* á tímabilinu 1913–1915, sjá Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940*, 4. bindi, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 111. Páll var samt ekki ritstjóri allt tímabilið sem Páll Eggert tilgreinir því í september 1913 birtist til að mynda tilkynning um að hann sé hættur ritstjórnarstörfum en hafi samt ekki sagt skilið við það fyrir fullt og allt. Þorsteinn Þ. Víglundsson segir aftur á móti í grein um Pál að hann hafi verið ritstjóri og ábyrgðarmaður frá júlí 1915 fram í janúar 1917. Sjá Páll Eggert Ólason, *Íslenskar æviskrár. Frá landnáms tímum til ársloka 1940* IV. bindi b., Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1951, bls. 111; Þorsteinn Þ. Víglundsson, „Páll Bjarnason, skólastjóri. Starfssaga hans í Vestmannaeyjum er þáttur í menningarsögu kaupstaðarins“, *Blik* 28: 1/1971, bls. 5–37, hér bls. 8.

⁷⁸ Þorsteinn Þ. Víglundsson, „Páll Bjarnason, skólastjóri. Starfssaga hans í Vestmannaeyjum er þáttur í menningarsögu kaupstaðarins“.

⁷⁹ „Verkföll í Hafnarfirði“, *Suðurland* 16. mars 1912, bls. 4.



Mynd 5 Prentsmiðja Suðurlands var staðsett í kjallara Nýjabæjar á Eyrarbakka. Húsið er það sjötta frá vinstri á götumyndinni og sést ógreinilega. (Haraldur Lárusson Blöndal, Þjóðminjasafn Íslands.)



Mynd 6 Nýibær er hvíta húsið lengst til hægri. (Guðrún Diðriksdóttir, Héraðsskjalasafn Árnesinga.)

aða heim“ jafnvel „á okkar fámenna og friðsama landi“. ⁸⁰ Í greininni er því lýst hvernig Ísland er orðið hluti af stærra efnahagskerfi því verkföll hafi ekki aðeins áhrif í samfélögum þar sem til þeirra er boðað heldur líka í löndunum í kring. Þannig er þess getið að verkfall sem þá stóð í Bretlandi gæti haft miklar afleiðingar fyrir Íslendinga því „Leith er eina höfnin á Bretlandi sem millilandskipin hafa áætlan á.“ Einnig er rakið hvernig bætt kjör kolanámuverkamanna á Englandi hafi leitt til þess að kolaverð hafi hækkað ákaflega mikið, sem komi niður á öllum þeim sem kolin nota: „Iðnaður, sem rekinn er með gufuafli, hlaut auðvitað að hækka í verði og útgerð gufuskipanna varð dýrari og flutningarnir þá líka.“ ⁸¹ Að vísu gátu verkamennirnir farið að „borða smjör í staðinn fyrir smjörlíki; einnig gátu þeir leyft sér að borða meira kjöt, fisk og egg“ en við það jókst eftirspurnin sem hækkaði verðin og kallaði á meiri innflutning:

Af þessu leiðir svo aftur það, að framleiðendur að þessum vörum keppast við að flytja út svo mikið sem þeir geta, og við þetta hækka svo þessar vörur í verði í þeirra eigin landi. Kaupstaðarbúar verða svo að borga miklu meira en áður fyrir þessar nauðsynjar, og til þess að geta lifað neyðist verkafólkið til að setja upp kaupið. Á þennan hátt getur eitt verkfall orðið orsök að nýju. ⁸²

Í *Suðurlandi* má greina talsverðan ótta við að efnahagsferðleikar og harðindi muni leiða til þess að Vesturferðir hefjist á nýjan leik og er óhætt að segja að á síðum blaðsins sé alið á tortryggni í garð agenta sem boðuðu að lífið kynni að reynast betra annars staðar. Í þessu sambandi er gjarnan talað um blekkingar þeirra sem lýsa tækifærunum í Ameríku og brostnar vonir þeirra sem hafa lagt land undir fót. ⁸³ Orðræðuna um Ameríku má túlka sem eina af birtingarmyndunum fyrir

⁸⁰ „Verkföll“, *Suðurland* 2. ágúst 1913, bls. 1.

⁸¹ Sama heimild.

⁸² Sama heimild.

⁸³ Sjá til að mynda „Harðindi og heyleysi“, *Suðurland* 6. maí 1914, bls. 1. Árið 1913 birtist frétt um að víða í Evrópu hefðu verið stofnuð samtök til að sporna gegn sölu hvíttra þræla. Færi það þannig fram að menn gæfu sig út fyrir að vera agentar í leit að vinnufólki í Vesturheimi og byðu góð kjör. Enginn virtist óhultur fyrir þessum ófögnuði því „þrælakaupmenn læðast um allar byggðir í flestum eða jafnvel öllum löndum Norðurálfunnar“. Að endingu spyr greinarhöfundur: „Mundi það vera alveg óhugsandi að einhver kynni að hafa ferðast hér um í sauðagæru, eins og allt er í öðrum löndum? Er ekki kominn tími til að veita því eftirtekt?“ Sjá „Hvíta þrælasalan“, *Suðurland* 2. ágúst 1913, bls. 3–4. Agentar reyndu ekki aðeins að lokka fólk til Ameríku á þessum tíma, ef marka má *Suðurland*, heldur var líka sóst eftir því að Norðurlandabúar flyttu búferlum til Ástralíu. Við þessu vildu aðstandendur *Suðurlands* líka vara sína lesendur því þeir töldu

ótta manna við fólksflutninga úr sveitum í þéttbýli. Í greinaflokknum „Ameríkuferðir. Orsakir þeirra. Verður þeim afstýrt?“ er boðuð sú lausn á fólksflóttanum úr sveitunum að ungum bændaefnum séu boðnar jarðir í Flóanum sem ekki séu fólksfrekar heldur „véltækar slægjujarðir, sem ligg[] vel við samgöngum“.⁸⁴ Hluti af þessari framúðarsýn var Flóaáveitan sem átti að skila fjölda manna hentugu jarðnæði en margir sáu líka fyrir sér að járnbraut milli Suðurlands og Reykjavíkur myndi geta flutt vörur á markað með skilvirkum hætti.⁸⁵ Menntamennirnir sem stóðu að *Suðurlandi* verða því ekki sakaðir um að hafa verið fjandsamlegir í garð tækni- og nútímavæðingar en þeir sáu fyrir sér að íslenskt samfélag myndi þróast með öðrum hætti en raunin varð.

Sigurður Sigurðsson, fyrsti formaður Dagsbrúnar, var þingmaður Árnesinga frá 1908–1919 fyrir Framsóknarflokk, Sjálfstæðisflokkinn eldri, Sambandsflokkinn eldri og Heimastjórnarflokkinn. Sigurður lét talsvert til sín taka á síðum *Suðurlands* og þar kemur ljóslega fram afdráttarlaus andstaða hans við fólksflutninga úr sveitunum. Í greinaflokki sem hóf göngu sína árið 1914 heldur hann því til að mynda fram að það sé „þjóðartjón að kaupstaðirnir vaxi á kostnað sveitanna“ og það líti út fyrir að „kaupstaðirnir ætli að eyðileggja sveitirnar“, en sveitafólkið er að hans mati „kjarni þjóðarinnar og undirstaða þjóðartilverunnar.“⁸⁶ Kaupstaðirnir og þá einkum og sér í lagi Reykjavík hafi vaxið meira en þeir geti borið og brauðfætt sem sé óheillavænleg þróun því í sveitunum sé eftirspurn eftir vinnuafli meðan atvinnuskortur sé í Reykjavík. Verkamenn bæjarins séu um 2000 „en atvinna ekki til nema fyrir um ¼ þeirra.“ Atvinnulaust fólk í kaupstöðum hafi „ekkert við að vera og engu á að lifa“ sem komi þó ekki í veg fyrir að það geti börn: „Börnin alast upp í eynd og fátækt, innan um allskonar óreglu og ósiði. Þannig myndast smátt og smátt öreigalýður í bæjunum. Og þessi öreigalýður sekkur dýpra og dýpra og verður að „skríl“ sem ekkert á, ekkert kann og ekkert veit“. Þeir fáu sem einhver dáð er í taka sig upp og fara til Ameríku, samkvæmt Sigurði.⁸⁷

Þó að rúmir tveir áratugir skilji að grein Skúla Thorodssens um Ameríku-

„ekki með öllu grunlaust um að hér austanfjalls hafi vart orðið við útflytjanda veiðar“ og „varlega skyldu menn trúa agenta skruminu og fögrum fyrirheitum þeim og hugsa sig vandlega um áður en þeir taka þann kostin að hlaupa eftir líku.“ Sjá „Mannflutningar til Ástralíu frá Norðurlöndum. Agentar á veiðum“, *Suðurland* 6. maí 1914, bls. 2.

⁸⁴ „Ameríkuferðir. Orsakir þeirra. Verður þeim afstýrt?“, *Suðurland* 18. janúar 1913, bls. 1.

⁸⁵ Mikíð er fjallað um járnbrautir í *Suðurlandi*, hér er látið nægja að nefna eina grein sem birtist í tveimur hlutum: „Járnbrautarmálið“, *Suðurland* 27. júní 1913; „Járnbrautarmálið“, *Suðurland* 19. júlí 1913; „Járnbrautarmálið“, *Suðurland* 26. júlí 1913.

⁸⁶ Sigurður Sigurðsson, „Fólksflutningurinn úr sveitunum“, *Suðurland* 17. apríl 1914, bls. 2.

⁸⁷ Sama heimild, bls. 2.

ferðirnar og skrif Sigurðar þá virðist *almúginn* enn sækjast eftir auknu *frelsi* og *frjálsvæði*. Sigurður gefur samt ekki mikið fyrir kröfur ungs fólks sem miða í þá átt, eins og styttri vinnuviku og meiri skemmtun. Hann telur að helst sé hægt að halda fólki í sveitunum með lýðháskólum og öflugum ungmennafélögum sem eru „vonarstjarna hans“. Samanburður hans á vinnuaðstæðum fólks í íslenskum sveitum og erlendum borgum leiðir hugann að lýsingum Sinclairs á Þorgils og öðrum verkamönnum í sláturhúsunum í Chicago:

Krafa verkamanna erlendis í verksmiðjulöndunum um 8 stunda vinnutíma, kemur þessu máli ekki við. Þar stendur alt öðruvísi á, enda viðurkenna flestir í rauninni réttmæti þeirrar kröfu. – En það er ólíku saman að jafna, að vinna innilokaður allan daginn í vondu lofti og að óhollri vinnu, eða vera að verki, t.d. heyskap, úti undir beru lofti yfir há sumarið. Nei, þetta, um að stytta vinnutímann til sveita alment, er fánýtt hjal og gagnar ekki neitt.⁸⁸

Fyrsta umfjöllunin um *Á refilstigum* birtist í *Suðurlandi* síðla árs 1914. Þar er bókin sögð lýsa „kjörum verkamanna í Chicago undir ánaugaroki auðvaldsins“ á átak-anlegan hátt og hún vekir spurningar um það hver árangurinn sé af frelsinu, alþýðumenntuninni, jafnaðarmenskukeningunum og „yfir höfuð allr[i] hinn[i] svokölluðu menning[un] nútímans, til umbóta og lækningar á aðal meinum mannfélagsskipunarinnar, þegar milljónir manna lifa hinu versta hundalífi og þræla fyrir smánarborgun til að auka gullhrúgur auðkýfingana“.⁸⁹ Gera má ráð fyrir að þessi umfjöllun sé skrifuð af ritstjóranum Jóni Jónatanssyni en hann telur að lesendur geti haft gagn af því að bera saman þá mynd sem dregin er upp í skáldsögunni af lífinu í Vesturheimi og „agentaskrumið“. Og rétt eins og Sigurður þá telur höfundur umfjöllunarinnar aðstæður á Íslandi ekki sambærilegar við það sem fólk á að venjast í iðnaðarborgum þó að hann sé viss um að lýsingar bókarinnar eigi við um fleiri borgir en Chicago:

Jafnaðarstefnan hefir hér gert lítið vart við sig enn sem komið er, og hún getur enn ekki náð rótfestu í íslenskum jarðvegi. Það ástand sem hefir vakið þá stefnu og gefið henni byr undir báða vængi er svo gagn ólíkt því sem framast má verða, því sem hér gerist, enn sem komið er.

Við erum hér að kveina um fátækt og bágindi, hallmælum landinu

⁸⁸ Sigurður Sigurðsson, „Fólksflutningurinn úr sveitunum. Framh.“, *Suðurland* 25. apríl 1914, bls. 2.

⁸⁹ „Bækur. Uppton Sinclair. Á refilstigum“, *Suðurland* 14. nóvember 1914, bls. 4.

fyrir hvað það sé gæðasnautt og hér sé illt að lifa. – Við ættum að skammast okkar og vera þakklátir forsjóninni og landinu fyrir að vera lausir við alla þá hörmung, allt það ofbeldi og kúgun, sem fólkið hefir orðið að þola víða í öðrum löndum. Þeir sem ekki skilja þetta eða hafa aldrei hugsað, ættu að lesa þessa bók með eftirtekt, þeirri stund er ekki eytt til ónýtis.⁹⁰

Aðstandendum *Suðurlands* var uppsigað við auðvald sem þeir virðast þó fyrst og fremst hafa tengt við erlenda aðila sem stunduðu viðskipti á Íslandi. Þeir höfðu samvinnuhugsjón að leiðarljósi og trúðu því að innlendir aðilar gætu bundist samtökum um framleiðslu og verslun sem myndi skila þjóðfélaginu aukinni hagsæld. Röksemdir þeirra miðast samt yfirleitt við hagsmuni bænda og þeir leggja kapp á að standa vörð um byggðirnar í sveitunum. Jónas Jónasson frá Hrafnagili tók í svipaðan streng og aðstandendur *Suðurlands* í umfjöllun um *Á refilstigum í Nýjum kvöldvökum*. Jónas sá lítið sammerkt með íslensku samfélagi og því sem lýst var í bókinni: „Vér höfum ekkert auðvald og enga svínakóna að berjast við.“ Ólíkt aðstandendum *Suðurlands* taldi hann lesturinn þó ekki gagnlegan og fyrir íslenska lesendur væri hún „í rauninni þýðingarlítill“.⁹¹ Á Íslandi var samt að stíga fram ný kynslóð í baráttunni fyrir bættum aðstæðum og kjörum verkafólks og hún lagði annað mat á erindi *Á refilstigum* við íslenska alþýðu en aðstandendur *Suðurlands* og Jónas frá Hrafnagili gerðu.

Dagsbrún 1915

Sumarið 1914 sneri Ólafur Friðriksson heim til Íslands eftir að hafa dvalið erlendis við nám og ritstörf, lengst af í Kaupmannahöfn. Þar hafði hann kynnst jafnaðarstefnunni sem hann taldi eiga brýnt erindi við Íslendinga. Þetta sama ár stofnaði hann jafnaðarmannafélag á Aukureyri og beitti sér sömuleiðis fyrir því að verkamannafélagið á Akureyri byði fram lista í bæjarstjórnarkosningum í ársbyrjun 1915 þar sem það kom manni að.⁹² Um líkt leyti lagði Ólafur út af anekdotu um orðaskipti Hákonar Noregskonungs og verkamanns nokkurs viðvíkjandi sósíalisma í *Dagblaðinu* sem gefið var út á Akureyri. Gekk hún út á að konungur teldi sósíalisma ómögulegan í framkvæmd sökum þess að við fæðingu hvers nýs einstaklings þyrfti að skipta upp eigum allra í þjóðfélaginu svo tryggt væri að allir hefðu jafnt. Ólafur lætur þess getið að sagan sé þekkt á Norður-

⁹⁰ Sama heimild, bls. 4.

⁹¹ Jónas Jónasson, „Bókmentir“, *Nýjar kvöldvökur* 9: 2/1915, bls. 44–45, hér bls. 45.

⁹² Ólafur Þ. Kristjánsson, „Hann trúði á málstað sinn, á sigur sannleika og réttlætis“, *Alþýðublaðið* 18. nóvember 1964, bls. 7 og 10.

löndum en að hans mati sýni hún fyrst og fremst fram á að hvorki konungur né nokkur þeirra ritstjóra sem hafi birt hana víti út á hvað jafnaðarstefna gangi og það sama eigi við um flesta þeirra sem skrifi gegn stefnunni. Að hans sögn breiðist hún hratt út meðal allra stétta og því til sönnunar telur hann upp nokkra víðfræga vísindamenn og skáld „af þeim er helst munu áður kunnir Íslendingum“.⁹³ Nefnir Ólafur í kjölfarið nokkra enska jafnaðarmenn, þar á meðal rithöfundana G. Bernhard Shaw og Annie Besant sem bæðu áttu ritgerðir í „*Fabiske Essays om Socialismen*“, bók sem hann tilgreinir sérstaklega vegna þess að hún sé til á bókasafni bæjarins. Loks telur hann upp bandaríska jafnaðarmenn, fyrst Jack London og svo „*Upton Sinclair* (bók hans *The Jungle* (saga) kom upp kjöthneykslinu í Chicago hjer um árið, og er hún góð byrjunarbók fyrir þá, sem kynnast vilja jafnaðarstefnunni; hún er nú komin á íslensku og heitir „*Á refilstigum*“)“.

Um vorið flutti Ólafur til Reykjavíkur og tók við ritstjórn endurreists vikublaðs verkamannafélagsins Dagsbrúnar. Það hóf göngu sína 10. júlí 1915 og nefndist *Dagsbrún*. *Blað jafnaðarmanna* en að útgáfunni stóðu nokkur iðnaðar- og verkamannafélög. Á forsiðu fyrsta tölublaðsins er jafnaðarstefna eða *socialisme* eins og hún „heitir á hinum skandinavisku málunum“ útskýrð en íslenska þýðingin er sögð vera orðin málvenja. Í kjölfarið eru tilgreind baráttumál þeirra „sem jafnaðarflokkinn“ fylla en jöfnuður er þar efstur á blaði, skilgreindur sem svo að „*allir*, hvert einasta mannsbarn, sem fæðist hér á landi, *hafi jafnt tækifæri til þess að þroska og fullkomna alla góða og fagra meðfædda hæfileika*“.⁹⁴ Með jafnaðarflokksnum á „öll alþýða“ samleið „bæði við sjó og í sveitum“ en á *móti* honum standa „þeir sem hafa hag af fátækt alþýðu; þeir sem hafa hag af því að kaupid sé sem lægst, eða húsaleigan sem hæst.“⁹⁵ Í næsta tölublaði birtist „Stefnuskrá íslenskra jafnaðarmanna“ sem jafnaðarmannafélagið á Akureyri hafði samþykkt á sínum vettvangi. Ragnheiður Kristjánsdóttir hefur bent á að hugmyndirnar sem þar komi fram hafi haft mótandi áhrif á pólitísk skrif í *Dagsbrún*. Stefnuskrá Alþýðuflokksins, sem stofnaður var árið 1916, hafi sömuleiðis verið byggð á sama grunni.⁹⁶

Í nóvember 1915 birtist ritdómur um *Á refilstigum* í *Dagsbrún*. Þar er gerð nokkuð ítarleg grein fyrir efni bókarinnar og hún sögð lýsa vel baráttu verkamanna við „sífelt hungur, kulda og bágindi“, auk þess sem hún sé „ágætt sýnishorn af því, hvernig auðvaldið vélar alþýðuna á allan hátt.“⁹⁷ Ritdómurinn I.J. mælir með

⁹³ Ólafur Friðriksson, „Hákon konunugur og verkamaðurinn“, *Dagblaðið* 30. janúar 1915, bls. 1–2.

⁹⁴ „Jafnaðarstefnan“, *Dagsbrún. Blað jafnaðarmanna* 10. júlí 1915, bls. 1.

⁹⁵ Sama heimild.

⁹⁶ Ragnheiður Kristjánsdóttir, *Nýtt fólk*, bls. 82–83.

⁹⁷ I. J., „Á refilstigum. Eftir Upton Sinclair“, *Dagsbrún. Blað jafnaðarmanna* 27. nóvember

lestri bókarinnar en greinilegt er að Ólafi ritstjóra hefur ekki þótt kveðið nægilega sterkt að orði því hann bætir við eftirfarandi orðsendingu: „Fyrir þá, sem vilja kynna sér jafnaðarstefnuna er bók þessi góð byrjun – góð til að benda mönnum á þörfina fyrir jafnaðarstefnunni. Ræð ég því, til þess að lesa hana.“⁹⁸ Eins og sjá má tekur Ólafur þarna í sama streng og hann gerði í *Dagblaðinu* fyrr þetta sama ár en önnur skrif hans í *Dagsbrún* bera vitni um vakandi áhuga fyrir því að lesendur blaðsins geti aflað sér þekkingar á jafnaðarstefnunni. Í sama tölublaði og ritdómurinn um *Á refilstigum* birtist er að finna lista yfir sjö bækur á Norðurlandamálunum sem fjölluðu um jafnaðarstefnuna og finna mátti á bókasafninu á Akureyri. Að mati Ólafs eru samt til betri bækur um jafnaðarstefnuna á þessum málum en þær sem fáanlegar eru á safninu og nefnir hann *Nye Verdener Kria* eftir H.G. Wells, *Kvinden* og *Socialismen* eftir A. Bebel og *Socialismen* eftir W. Sombart.⁹⁹

Í ársbyrjun 1916 er aftur kvartað yfir því á síðum *Dagsbrúnar* hve lítið sé til af bókum um jafnaðarstefnuna á Íslandi. Þar er sagt að bækur á íslensku vanti og fáar séu til á erlendum málum. Til að ráða bót á þessu hafi jafnaðarmenn farið þess á leit við Sigfús Eymundsson bóksala að hann pantaði nokkrar bækur. Eru bækurnar þrjár sem taldar eru þær bestu um jafnaðarstefnuna hér að framan nefndar auk skáldsögunnar *Afgrundens Folk* eftir bandaríska rithöfundinn Jack London.¹⁰⁰ Um líkt leyti birtust auglýsingar frá Gamla bíói um að þar væri *Á refilstigum* til sýningar og er danskur titill hafður aftan við innan sviga *Junglen* þótt enski titillinn sé raunar líka tilfærður í þessum stutta texta. Um myndina segir:

Lærdómsrík skáldsaga í 5 þáttum 200 atriðum eftir hinn mikla jafnaðarmannaforingja Upton Sinclair.

Bók Upton Sinclairs «The Jungle» er eigi á röngu bygð og engin bók og engin mynd hefir enn þá talað betur máli jafnaðarmanna enn þessi gerir.

Myndin er sýnd öll í einu lagi.¹⁰¹

Á baksíðu *Vísis* birtist þennan sama dag stutt fregn þar sem segir að hin fræga saga Sinclairs „Junglen“ sé til á íslensku og fáist „hjá öllum bóksölum“.¹⁰² Að-

1915, bls. 2.

⁹⁸ Ólafur Friðriksson, „[Orðsending frá ritstjóra]“, *Dagsbrún. Blað jafnaðarmanna* 27. nóvember 1915, bls. 2.

⁹⁹ „Bækur“, *Dagsbrún. Blað jafnaðarmanna* 27. Nóvember 2015, bls. 4.

¹⁰⁰ „Bækur um jafnaðarstefnuna“, *Dagsbrún. Blað jafnaðarmanna* 22. janúar 1916, bls. 4.

¹⁰¹ „Gamla bíó“, *Vísir* 4. janúar 1916, bls. 1.

¹⁰² „Mynd“, *Vísir* 4. janúar 1916, bls. 4. Samhljóða auglýsingar voru líka í *Morgunblaðinu*

lögum *The Jungle* að hvíta tjaldinu er ein af mörgum myndum frá árdögum kvikmyndalistarinnar sem ekki hefur varðveist. Hún var frumsýnd árið 1914 og lék Sinclair sjálfur eitt af hlutverkunum. Myndin fékk blendna dóma í Bandaríkjunum en sá sósíalíski áróður sem rekinn var í henni fór fyrir brjóstið á gagnrýnendum meginstraumsmiðla. Í róttækum blöðum eins og *Appeal to Reason* var henni aftur á móti tekið fagnandi og gerð grein fyrir sterkum viðbrögðum áhorfenda.¹⁰³ Ekki reyndist auðvelt að dreifa myndinni eftir hefðbundnum leiðum því mörg kvikmyndahús neituðu að sýna hana. Fyrir vikið virðast aðstandendur hennar hafa reitt sig á þær formlegu og óformlegu boð- og flutningsleiðir sem verkalýðsfélög og hreyfingar róttækra verkamanna höfðu komið sér upp. Sinclair keypti að lokum sjálfur dreifingarréttinn á kvikmyndinni og tókst að fá hana sýnda í ólíkum ríkjum Bandaríkjanna með því að auglýsa eftir hjálp í róttækum dagblöðum og tímaritum.¹⁰⁴ Vísanir til titils myndarinnar á bæði dönsku og ensku í auglýsingum hér á landi benda til þess að hún hafi borist hingað frá Norðurlöndum en eins og skrif Ólafs Friðrikssonar bera með sér virðast þýddir og frumsamdir textar á Norðurlandamálunum hafa verið mikilvægir fyrir þann hugmyndafræðilega jarðveg sem jafnaðarstefnan á Íslandi spratt úr.¹⁰⁵

Lokaorð

Upton Sinclair byggði *The Jungle* á vettvangsrannsóknum í Chicago, eins og fram hefur komið, og lagði mikið upp úr nákvæmum lýsingum á aðbúnaði verkafólks, framleiðsluferlum og iðnaði í skáldsögu sinni. Félagsfræðilegar áherslur hans kallast á við nálgunina í þessari grein þar sem ekki hefur aðeins verið lögð áhersla á að greina þá texta sem liggja landnámi *The Jungle* á Íslandi til grund-

en síðar þetta sama ár birtist þar langur og nöturlegur kafli úr *Á refilstígum* sem lýsti aðstæðunum í sláturhúsunum. Í aðfararorðum er sagt að kafllinn eigi að færa „mönnum heim sanninn um það að eigi er þýðingarlaust að vera á varðbergi og gæta þess sem bezt að fá eigi sviknar vörur“. „Vöruvöndun“, *Morgunblaðið* 9. júlí 1916, bls. 1–2, hér bls. 1.

¹⁰³ Steven J. Ross, *Working-Class Hollywood. Silent Film and the Shaping of Class in America*, New Jersey: Princeton University Press, 1999, bls. 70–72.

¹⁰⁴ Sama heimild, bls. 104.

¹⁰⁵ Valtýr Guðmundsson skrifaði stutta umfjöllun um *Á refilstígum* í *Eimreiðna*. Þar er lögð áhersla á „hörmulega meðferð auðkýfinga og kjötjöfra á verkalýð sínum“ í Chicago og hvað innflytjendur geta átt í vændum þegar þeir koma „mállausir og fáfróðir“ til annarra landa. Auðtrúa útlendingar endi oftast en ekki í klóm agenta „sem auðkýfingarnir hafa sent út af örkinni, til að [...] gera þá að þrælum sínum og réttlausum vinnudýrum.“ Bókin er sögð hafa komið út á flestum menningarmálum heimsins og sé ekki ástæða fyrir íslenska þýðandann „dyljast“ því málið á bókinni sé „övenjulega gott“ þó að prófarkalestri sé ábótavant og bókin prentuð á lélegan pappír. Sjá Valtýr Guðmundsson, „Upton Sinclair. Á refilstígum. Eyrarbakka og Rvík 1913–14“, *Eimreiðin* 22: 1/1916, bls. 63.

vallar heldur líka framleiðsluferli þeirra og það félagslega umhverfi sem þeir spruttu úr. Í greininni hefur verið sýnt fram á hvernig umræða um Ameríku og vesturferðir átti þátt í að setja málefni sem vörðuðu atvinnufrelsi og frjálstræði almúgans á Íslandi á dagskrá. Gagnvegir yfir Atlantshafið færðu Íslendingum líka frásagnir af iðn- og tæknivæddum borgarsamfélögum líkt og lesa má í ferðabók Matthíasar Jochumssonar um heimssýninguna í Chicago 1893. Þó að því fari fjarri að bók hans sé laus við gagnrýni á Bandaríkin þá gaf hún Íslendingum vísendingar um þau tækifæri sem gátu falist í iðn- og tæknivæðingu og þá um leið hvað framtíðin kynni að bera í skauti sér.

Vikublaðið *Reykjavík* sem hóf göngu sína árið 1900 varpar ljósi á samfélagsbreytingar á Íslandi og ört vaxandi hóp neytenda í höfuðborginni en útgáfa þess var kostuð af auglýsingum og miðaðist við komur skipa sem fluttu nýjar vörur á markað. Útgáfu blaðsins má líka tengja við tækninýjungar á sviðum samskipta og iðnaðar en það var prentað í prentsmiðjunni Gutentberg þegar hún kom til sögunnar og sömuleiðis birti það fréttir sem bárust loftskeytastöð Marconis á Íslandi. Ein af fyrstu fréttunum sem bárust með þeim hætti varðaði breytingar á lögum um matvælaíðnað í Bandaríkjunum sem *The Jungle* átti þátt í að hrinda af stað. Sama dag birtist einnig umfjöllun um skáldsöguna sem sýndi að niðursuðuvörur frá Chicago fengust á Íslandi og þannig snerti það beint íslenska neytendur. Umfjöllun um skáldsöguna í *Lögrjettu* um líkt leyti setti skáldsöguna í samhengi við innlenda matvælaframleiðslu og vaxandi umsvif sjávarútvegsins sem útflutningsgreinar í íslensku atvinnulífi.

Þýðing Páls Bjarnasonar á skáldsögunni *The Jungle* sem kom út undir heitinu *Á refilstígum* árið 1914 má túlka sem þátt í andófi menntamanna á Suðurlandi gegn fólksflutningum úr sveit í þéttbýli þar sem ungt fólk leitaði nýrra tækifæra sem aukin verðmætasköpun í sjávarútvegi hafði í för með sér. Sú mynd sem skáldsaga Sinclairs dró upp af sláturhúsunum í Chicago átti þannig ekki að færa mönnum heim sanninn um þann styrk sem samtakamáttur verkamanna og sósíalískt þjóðskipulag gat falið í sér heldur fyrst og fremst að vara við spillingu og óheilnæmu andrúmslofti borganna. Skrif Sigurðar Sigurðssonar alþingismanns í *Suðurland* styðja undir þessa tilgátu en hann hafði áður gegnt embætti formanns Dagsbrúnar. Skrif Sigurðar má túlka á þann veg að hann hafi með skrifum sínum bæði viljað þjóna bændum með því að auðvelda þeim að halda í vinnufólk en um leið hafi hann viljað koma í veg fyrir að verkamenn sem höfðu fest rætur á mölinni þyrftu að keppa um atvinnu við aðkomufólk. Þessa sam-eiginlegu hagsmunagæslu bænda og verkamanna í upphafi síðustu aldar hafa Þorleifur Friðriksson og fleiri rökstutt með rannsóknum sínum á sögu íslensku verkalýðshreyfingarinnar.

Þvert á væntingar Páls og félaga hans þá svaraði þýðing hans eftirspurn hinnar nýtilkomnu íslensku verkalýðsstéttar eftir lesefni um jafnaðarmennsku. Ólafur Friðriksson, einn helsti leiðtogi jafnaðarmanna á Íslandi í upphafi síðustu aldar, vakti ítrekað athygli á bókinni og lagði áherslu á mikilvægi hennar sem fræðslurits fremur en skáldskapar.

Eins og uppbygging greinarinnar ber með sér þá segir hún ekki samfellda sögu enda er ekki beint orsakasamhengi milli útgáfunnar á ferðabók Matthíasar, skrifa Jóns Ólafssonar um *The Jungle* í dagblaðið *Reykjavík* og útgáfu *Á refslistigum* í þýðingu Páls Bjarnasonar. Meginkaflar greinarinnar bregða hver um sig upp myndum af samfélagslegri þróun á Íslandi, uppbyggingu tæknikerfa sem umbyltu iðnaði, samgöngum og samskiptum á þeim árum sem horft er á. Úr verður nokkurs konar flétta sem varpar ljósi á fjölpætt samband Íslands við umheiminn; þannig berast fyrstu fréttirnar af *The Jungle* úr Vesturheimi og eru meðal annars sagðar af Jóni Ólafssyni sem dvaldi langdvölum í Bandaríkjunum og Kanada, Páll Bjarnason kynnist skáldsögu Uptons Sinclair á Englandi þar sem hann dvaldi til að bæta enskukunnáttu sína og Ólafur Friðriksson sem var einn helsti boðberi jafnaðarstefnunnar á Íslandi hlaut hugmyndafræðilegt uppeldi sitt að miklu leyti í Danmörku. Kynningarefni um kvikmyndaaðlögun *The Jungle* virðist líka benda til þess að kvikmyndin hafi borist hingað um Norðurlönd. Þegar allt þetta kemur saman er óhætt að fullyrða að rauðar heimsbókmenntir eru að taka á sig mynd talsvert löngu fyrir byltinguna í Rússlandi 1917. Fleiri verk Sinclairs áttu síðar eftir að birtast á Íslandi bæði í dagblöðum, tímaritum og í bókarformi og áhrif hans voru mikil hér á landi á þriðja og fjórða áratugnum en sú saga bíður betri tíma.

ÚTDRÁTTUR

Árið 1905 tók skáldsaga bandaríska rithöfundarins Uptons Sinclairs *The Jungle* að birtast sem framhaldssaga á síðum sósíalíska vikublaðsins *Appeal to Reason*. Sagan varpaði ljósi á illan aðbúnað verkafólks og vafasama starfshætti í sláturhúsum Chicago-borgar þar sem meirihlutinn af niðursoðnu kjöti í Bandaríkjunum var framleiddur. Sagan vakti þjóðarathygli og brátt heimsathygli því hún var þýdd á fjölda tungumála á næstu misserum. Árið 1914 kom hún út á Íslandi í þýðingu barnakennarans Páls Bjarnasonar á vegum *fjelags* eins á Stokkseyri. Í greininni er horft á fjögur spor sem marka inngöngu Sinclairs og *The Jungle* í íslenska bókmenntakerfið. Viðtökusagan er sett í samfélags-pólítískt og atvinnusögulegt samhengi með áherslu á nútímavæðingu íslensks samfélags er fylgdi tækni- og iðnbyltingu til sjávar og sveita. Jafnframt er sett fram sú tilgáta að skáldsaga Sinclairs hafi verið þýdd og gefin út hér á landi til að vara við þéttbýlismyndun, jafnaðarmennsku

og stéttabaráttu, en hafi að lokum fallið í frjóan jarðveg hjá íslensku vinstrihreyfingunni þegar skipulag komst á starfsemi hennar um miðjan annan áratug síðustu aldar og pólitísk sjálfsmynd íslenskrar alþýðu var tekin að mótast.

Lykilorð: Menningarsaga, miðlun, rauðar heimsbókmenntir, bókmenntakerfi, þýðingafraeði, bóksala, gagnvegir yfir Atlantshaf, sósíalismi/jafnaðarstefna, Upton Sinclair, höfundarhugtakið

ABSTRACT

„This book is a good introduction for those who want to be acquainted with socialism ...“: The story of *The Jungle* by Upton Sinclair in Iceland

The Jungle by Upton Sinclair was serialised in the socialist journal *Appeal to Reason* in 1905. The novel brought attention to the poor working conditions and questionable product practices in Chicago's stockyards, the centre of the US meatpacking trade. The story and its subject matter gained national attention and were instantly internationally renowned as the novel was widely published in translations in the years that followed. The novel was published in 1914 in Icelandic under the title *Á refslistigum* by an unspecified group in the little south-coast fishing village of Stokkseyri. The translator was a schoolteacher by the name of Páll Bjarnason who had gotten to know the novel in England. The article follows four steps that mark Sinclair's and *The Jungle's* entrance into the Icelandic literary system; these steps are considered in the socio-political context of labour history and the modernisation of Icelandic society in agriculture and the fishing industry. The article claims that Sinclair's novel was translated and published in Icelandic to warn against urbanisation, socialism and class conflict, but was later hailed by the Icelandic left as the movement gained structure and the political identity of Icelandic working people began to take shape.

Keywords: cultural history, media and communication studies, red world literature, literary system, translation studies, book history, transatlantic studies, socialism, Upton Sinclair, authorship

HAUKUR INGVARSSON

Lektor í hagnýtri menningarmiðlun

Deild heimspeki, sagnfræði og fornleifafræði Háskóli Íslands

haukiri@hi.is

